

FALLEG FASTEIGN

Rúmgott og glæsilegt hús í Hafnarfirði

Fasteignablaðið

allt í MIÐJU BLAÐSINS



HILMAR BJÖRNSSON

FC Nörd verður brátt að veruleika

Sýn leitar að viðvningum fyrir knattspyrnu lið

FÓLK 38



JAMES SEWELL

Fer ótroðnar slóðir

Byður upp á óhefðbundinn ballett

DANS 31



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

1. maí 2006 – 115. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Fékk vilyrði fyrir lóð

Tónlistarmaðurinn Mugison hefur fengið vilyrði fyrir lóð undir hljóðver og einbýlishús á Suðurtanga.



FÓLK 38

Að skemmta andskotum sínum

„Til eru tvenns konar stjórnálmenn,“ skrifar Ingibjörg Pálmadóttir. „Þeir sem með verkum sínum virðast telja að stjórnálmenn og allt sem gerist á þeim vettvangi snúist einmitt um þá sjálfa og svo hinir sem líta á stjórnálmenn sem leið til að hrinda í framkvæmd hugmyndum og hugsjón.“



Í DAG 16


Logi og Ásgeir unnu

Þjóðhátíðarstemning ríkti í Lemgo í Þýskalandi í gær eftir að handboltalið bæjarins, með Loga Geirsson og Ásgeir Örn Hallgrímsson í broddi fylkingar, varð Evrópumeistari.

ÍPRÓTTIR 32



VEÐRIÐ Í DAG



MILT Í VEDRI - í dag viðrar vel til hátíðahalda. Stöku skúrir víða um land en sú gula ætlar að láta sjá sig hér og þar. Hitinn á bilinu 5-8 stig.

VEÐUR 4

Fagleg og lögleg þjónusta í boði



Fagfólk í Félagi íslenskra snyrtifræðinga er að finna um land allt. Sjá nánar á Meistarinn.is.



Mikil andstaða við frumvarp Valgerðar

Umsagnaraðilar um stofnun Nýsköpunarmiðstöðvar eru svartsýnir. Einar Oddur Kristjánsson segir að gera verði miklar breytingar á frumvarpinu. Talsmenn stofnana sem sameinast eiga Bygðastofnun gera verulegar athugasemdir.

STJÓRNMÁL „Ég tel fullvíst að gera þurfi grundvallarbreytingar á frumvarpi ráðherra ef það á að eiga nokkurn möguleika á að nást í gegn,“ segir Einar Oddur Kristjánsson, varaformaður iðnaðarnefndar Alþingis. Frumvarp Valgerðar Svverrisdóttur iðnaðarráðherra um að sameina þrjár stofnanir, Bygðastofnun, Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins og Iðntæknistofnun, í eina undir nafni Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands hefur lítinn hljómgrunn fengið meðal flestra þeirra sérfræðinga sem kallaðir hafa verið fyrir nefndina og segja frumvarpið vanreifað.

Nefndin hefur fengið álit fjölda manns, bæði sérfræðinga frá þeim stofnunum sem um ræðir og fulltrúa frá atvinnuþróunarfélögum og víðar. Segir Einar Oddur niðurstöðu þeirra flestra vera neikvæða gagnvart hugmyndum Valgerðar.

„Málið er auðvitað enn til meðferðar hjá nefndinni og fær þar góða þinglega meðferð en staðreyndin er að allflestir sem að því hafa komið hafa sett fram allverulegar athugasemdir í umsögnum sínum.“

Einar Oddur sjálfur hefur ekki legið á þeirri skoðun sinni að hugmynd ráðherra sé slæm. „Að mínu viti er verið með þessu að veikja Bygðastofnun enn frekar en orðið er og það er alvarlegt hvað byggðapróun í landinu varðar. Svo má ekki gleyma að Iðntæknistofnun og Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins hafa í langan tíma unnið að sameiningu þeirra tveggja og mikill tími og kostnaður hefur farið í það. Báðir þessir aðilar leggja mjög harkalega gegn hugmyndum Valgerðar.“

Valgerður Svverrisdóttir segir ekki rétt að allar umsagnir hafi verið á einn veg eins og Einar

Oddur lýsir. „Allnokkrir hafa sýnt mikinn stuðning við hugmyndirnar en vissulega er rétt að margir telja að þurft hafi að ganga lengra en gert er samkvæmt frumvarpinu; að fleiri aðilar á borð við Nýsköpunarsjóð yrðu einnig hluti af þessari nýju stofnun, en þetta er eins og oftast, sitt sýnist hverjum. Ég er enn afar bjartsýn á að frumvarpið verði að lögum á þessu þingi enda afar mikilvægt að mínu viti til að efla nýsköpun og þekkingariðnaðinn í landinu.“

Samkvæmt frumvarpinu á Nýsköpunarmiðstöðin að verða drifkraftur nýsköpunar og atvinnuþróunar í landinu en áætlað er að hún verði á Sauðárkróki þar sem Bygðastofnun er nú. Telur ráðherra þörf á uppstokkun í opinberu stuðningskerfi og hefur sagt slíka sameinaða miðstöð besta kostinn til þess.

albert@frettabladid.is



DAUÐIR HÖFRUNGAR Um 400 dauða höfrunga rak á fjörur í Tansaníu á föstudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hvalreki í Tansaníu:

400 dauða höfrunga rak á land

TANSANÍA, AP Vísindamenn reyna nú að finna skýringar á því af hverju hundruð dauðra höfrunga rak á fjörur Zanzibar á föstudag.

Þorpssúar og fiskimenn hafa um helgina unnið að því hörðum höndum að urða um 400 hræ, sem farin voru að lykta illa í heitri sólinni. Höfrungarnir halda venjulega ekki til við strendur Tansaníu, heldur lifa úti á rúmsjó, og grunaði vísindamenn að dýrin hefðu ef til vill etið eitthvað eittrað eða verið undir einhvers konar álagi sem olli því að þau villtust inn á grunnsævi og drápuð síðan.

- smk

Frjáls för fólks frá A-Evrópu: Vinnumarkaðurinn opnast

EVROPUMÁL Í dag er sú breyting gerð að borgarar Mið- og Austur-Evrópuríkjanna sem gengu í Evrópusambandið - og Evrópska efnahagssvæðið - hinn 1. maí 2004 fá frjálsan aðgang að vinnumarkaði fleiri landa í Vestur-Evrópu, þar á meðal Ísland.

Af átján eldri aðildarríkjum EES voru það aðeins Svíþjóð, Bretland og Írland sem nýttu sér ekki heimild til að viðhalda hömlum á frjálsa för launafólks frá þessum löndum fyrstu tvö árin eftir inngöngu þeirra, en nú bætast Finnland, Spánn, Grikkland og Portúgal við. Auk þess hafa íslensk stjórnvöld ákveðið að aflétta hömlunum nærri því alveg.

- aa



BIKARINN KYSSTUR Ólafur Stefánsson fór á kostum með liði Ciudad Real gegn Portland San Antonio í síðari úrslitaviðureign liðanna í Meistaradeild Evrópu í handknattleik í gær. Ólafur skoraði sjö mörk og var hylltur af stuðningsmönnum Ciudad eftir leikinn. Hér sést hann kyssa bikarinn veglega sem fæst fyrir sigur í þessari sterkustu handknattleiksdeild veraldar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Íslenskir handboltamenn fóru mikinn á alþjóðlegum vettvangi í gær: Þrír Íslendingar urðu meistarar

HANDBOLTI Þrír íslenskir handboltamenn náðu þeim frábæra árangri í gær að verða Evrópumeistarar með félagsliðum sínum. Spænska liðið Ciudad Real, með landsliðsfyrirliðann Ólaf Stefánsson í broddi fylkingar, sigraði í Meistaradeild Evrópu en í Evrópukeppni félags-

liða stóðu Logi Geirsson og Ásgeir Örn Hallgrímsson hjá þýska liðinu Lemgo uppi sem sigurveggar.

Ólafur var að vinna þennan stærsta titil handboltans í annað sinn, en hann varð Evrópumeistari með Magdeburg árið 2002. Logi og Ásgeir voru hins vegar að vinna

Evrópumeistaratitil með félagsliði í fyrsta sinn.


„Auðvitað er þetta ákveðinn tindur en vonandi verður þetta svona næstu 2-3 árin,“ sagði Ólafur eftir leikinn, spurður hvort hann væri nú búinn að ná hátíðni ferilsins.

- vig / - hbg

Komnir í loftið

ATLANTSSKIP
-FLYTJA VÖRUR-

591 3000



ARGUS / 06-0120

„Búið þér við fullt frelsi?“

Barátta Íslendinga fyrir frelsi í viðskiptum hefur staðið í hundruð ára. Þróunin hefur verið afar jákvæð en draugar fortíðarinnar eru þó lífseigir. Sem dæmi um þá fjötra, sem nú eru við lýði í íslensku samfélagi, má nefna að hjá ýmsum bankastofnunum tíðkast að setja fram þvingandi skilyrði um önnur viðskipti í allt að 40 ár vilji menn taka hjá þeim íbúðalán.

Opin íbúðalán SPRON eru án slíkra skilyrða.
Fórnaðu ekki frelsinu, kynntu þér málið á **spron.is**



Íbúðalán SPRON eru háð útlánareglum SPRON.
Upplýsingar í næsta útibúi SPRON, í síma 550 1200, 550 1400 eða á spron.is

Stórleikur Pepsi & BT

JONSSON & LEIFVASS - 11.11

SKORAÐU MEÐ PEPSI



GREIFINN

alþýða
kafnia

BÓNUSVÍDEÓ

PIZZA
HÚT

KEILUHOLLIN

FÁÐU ÞÉR PEPSI EÐA PEPSI MAX OG TAKTU ÞÁTT Í STÓRLEIK!

SKORAÐU MARK MEÐ ÞVÍ AÐ SENDA INN KÓÐA AF PEPSI OG PEPSI MAX FLÖSKUM.
HÆGT ER AÐ SENDA SMS EÐA SLÁ HANN INN Á PEPSI.IS

SKORAÐU FIMM MÖRK OG ÞÚ ERT BÚINN AÐ VINNA!

HELSTU VINNINGAR:

- 2 SANTA FE JEPPAR, TIL AFNOTA Í EITT ÁR
- 10 42" FLATSJÓNVÖRP
- 40 EVRÓPUFERÐIR MEÐ ICELANDAIR
- 60 PSP TÖLVUR
- 60 MP3 SPILARAR



SANTA FE



YFIR 200.000 VINNINGAR Í BOÐI

ICELANDAIR



KJÖRKASSINN

Á að beita Írana refsiaðgerðum vegna kjarnorkuáætlunar þeirra?

| | |
|-----|-----|
| Já | 50% |
| Nei | 50% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

Heldurðu að Eður Smári Guðjohnsen verði seldur frá Chelsea í sumar?

Segðu þína skoðun á www.visir.is

visir

Bakkavör Group hefur keypt einn stærsta framleiðanda eftirréttanna í Bretlandi:

Um 18 milljarða króna kaup

VIÐSKIPTI Bakkavör Group hefur náð samkomulagi við Laurens Patisseries Limited, sem er einn stærsti framleiðandi kældra eftirréttanna í Bretlandi, um kaup á félaginu fyrir 130 milljónir punda, jafngildi 17,6 milljarða króna.

Ágúst Guðmundsson, stjórnarformaður Bakkavarar Group, segir kaupin gott dæmi um áform fyrirtækisins um að styrkja enn frekar stöðu sína á sviði ferskra tilbúinna matvæla í Bretlandi.

Í fréttatilkynningu frá fyrirtækinu segir að meginávinningur kaupanna sé aukin markaðshlutdeild Bakkavarar Group í Bretlandi á sviði tilbúinna kældra

eftirréttanna. Markaðurinn fyrir hágæða eftirrétti og kókur í Bretlandi hafi vaxið um sex prósent á síðasta ári og áætlað markaðsvirði sé um 54 milljarðar króna. Á sama tíma hafi sala Laurens aukist um tuttugu prósent.

Laurens er fjölskyldufyrirtæki og hefur verið rekið af núverandi stjórnendum frá árinu 1992. Lykilstjórnendur fyrirtækisins munu halda áfram störfum en starfsmenn í heild eru um 1.200.

Barclays fjármagnar kaupin en auk þess verður hluti kaupverðisins greiddur með hlutabréfum í Bakkavör Group. Núverandi eigendur Laurens verða þá meðal



FIÁRFESTA Í EFTIRRETTUM OG KÖKUM Lýður Guðmundsson forstjóri og Ágúst Guðmundsson stjórnarformaður hafa keypt nýtt fyrirtæki.

stærstu hluthafa Bakkavarar Group með um fimm prósentu hlut.

Hellisheiðarvirkjun:

Hornsteinn að stöðvarhúsi

VIRKJANIR Alfreð Þorsteinsson, stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur, lagði um helgina hornstein að nýju stöðvarhúsi Hellisheiðarvirkjunar og voru Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri og Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra viðstödd athöfnina.

Af sama tilefni voru undirritaðir kaupsamningar um kaup á fjórðu og fimmtu vélasamstæðu virkjunarinnar að verðmæti rúmlega þrjú milljarðar króna.

Framleiðsla á heitu vatni hefst árið 2009 og er virkjuninni ætlað að anna eftirspurn eftir heitu vatni til ársins 2020.

- sgi

- sha



UPPREISNARMENN Menn úr Réttlætis- og jafnréttishreyfingunni í Darfur aka hér gráir fyrir járnnum, en átökin í Darfur hafa síðan árið 2003 orðið 180.000 manns að bana og hrakið tvær milljónir frá heimilum sínum. NORDICPHOTOS/APP

Friðarviðræður í Súdan ganga illa

Skrifa átti undir friðarsamning í gær milli ríkisstjórnarinnar í Súdan og uppreisnarmanna, en á meðan ríkisstjórnin sagðist tilbúin til þess tvístígu talsmenn tveggja hreyfinga uppreisnarmanna.

NÍGERÍA, AP Ríkisstjórnin í Súdan staðfesti í gær að hún væri tilbúin að skrifa undir uppkast að friðarsamningi við uppreisnarmenn í Darfur-héraði, en talsmenn uppreisnarmannanna virtust ekki ginnkeyptir fyrir samningnum.

Afríkubandalagið hafði gefið Súdanstjórn og uppreisnarmönnum fram til dagsins í gær til að enda viðræður sem ætlað var að binda enda á átökin í Darfur, sem seinustu tvö árin hafa leitt til dauða um 180.000 manns og neytt tvær milljónir manna á vergang.

„Ríkisstjórnin staðfestir ákvörðun sína um að samþykkja formlega þetta skjal og er tilbúin að skrifa undir það,“ sagði Magzoub El-Khalif, fulltrúi nefndar ríkisstjórnarinnar, í gær um skjalið sem sátta-semjarar Afríkubandalagsins útdeildu í síðustu viku.

Talsmaður uppreisnarmannanna sagði þá hins vegar ekki ánægða og kvörtuðu yfir að hafa ekki fengið nægan tíma.

„Við tökum uppkasti friðarsamningsins með fyrirvara,“ sagði Ahmed Hussein, talsmaður Réttlætis- og jafnréttishreyfingarinnar, annarrar tveggja hreyfinga uppreisnarmanna. Hann sagði meðlimi hópsins vilja vita hvernig samningnum yrði framfylgt og sagði hann ekki fullnægja öllum þeirra skilyrðum.

Hin hreyfing uppreisnarmanna, Frelshreyfing Súdan, bað um frekari frest svo liðsmenn hennar gætu rætt um samninginn.

Þó síðasti frestur til að skrifa undir hefði runnið út í gærkvöldi sagði Norredine Mezni, talsmaður Afríkubandalagsins, að samkomulag um hluta samningsins gæti opnað nýjar dyr en ekki kæmi til greina að breyta skjalinu eða endurvefja samningaviðræðurnar.

Náist friðarsamkomulag milli ríkisstjórnar Súdan og uppreisnarmannanna verður líklega litið á það sem ákveðinn sigur í Afríku, en friðarviðræðunum hefur verið

stjórnað af Afríkubandalaginu, með mikilli þátttöku leiðtoga Suður-Afríku og Nígeríu.

Í samningnum er kveðið á um að sérfræðingur í málum Darfur-héraðs, sem ráðamenn uppreisnarmanna velja, verði ráðinn sem einn af helstu ráðgjöfum forsetans. Jafnframt verði komið á stöfn alþjóðlegum sjóði sem nota skuli til endurbyggingar héraðsins, engin skólagjöld verði innheimt þar í fimm ár og komið verði á áætlun um að uppræta fátækt í landinu.

Uppreisnarmenn kvarta undan því að ríkisstjórnin, sem aðallega samanstendur af aröbum, sinni Darfur ekki nóg. Uppreisnin hófst árið 2003 og er ríkisstjórnin sökuð um að hafa svarað með því að senda varalið araba út, sem sagðir eru hafa nauðgað og myrt óbreytta borgara í Darfur og lagt þorp í rúst. Ríkisstjórn Súdan neitar því að það hafi nokkuð með varaliði að gera.

smk@frettabladid.is

ALÞJÓÐLEGT MBA NÁM

Við leggjum metnað okkar í að bjóða upp á framúrskarandi alþjóðlegt nám þar sem saman kemur fjölbreyttur hópur kennara og sterkur hópur nemenda.

Meðal kennara í MBA námi Háskólans í Reykjavík eru:

- David Griswold** - Economics - Boston University (Bandaríkin)
- Eric Weber** - Strategic Decision Making - IESE (Spánn)
- Gerard Seijts** - Change Management - Ivey School of Business (Kanada)
- Joe Pons** - Marketing Management - Axioma Consulting (Spánn)
- Jón Ormur Halldórsson** - International Business
Háskólinn í Reykjavík (Ísland)
- Kristín Friðgeirsdóttir** - Business Statistics
London Business School (Bretland)
- Patrick Turner** - Entrepreneurship - INSEAD (Frakkland)



„Í MBA-náminu við HR liggur metnaður í loftinu og krafturinn er smitandi. Kennarar, innlendir sem erlendir, eru hver öðrum betri, en ég lærði ekki síður af frábærum hópi samnemenda minna. Ég mun búa að því sem ég lærði í náminu um ókomna tíð.“

Magnús Geir Þórðarson,
leikhússtjóri Leikfélags Akureyrar
MBA 2005

Umsóknnum er svarað innan 20 daga frá því þær berast. Lokaumsóknarfrestur er 29. maí.



MBA
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Nánari upplýsingar eru á www.ru.is/mba

Fuglaflensuáætlun kynnt í Danmörku:

Sjúkir í einangrun heima

DANMÖRK Fólk sem sýkist af fuglaflensu í Danmörku verður sett í einangrun heima hjá sér. Lyf og matur verða afhent að dyrum heimila þeirra og fá sjúklíngarnir ráðgjöf í gegnum síma. Verða þeir beðnir um að hafa sem minnst samband við lækna enda talið að sú stétt muni hafa nóg að gera við að sinna þeim sem eru alvarlega veikir.

Þetta er meðal þeirra atriða sem koma fram í nýrri skýrslu danskra yfirvalda um aðgerðir ef fuglaflensa smitast milli manna, en ekki er þekkt dæmi um að slíkt hafi gerst í heiminum.

Í skýrslunni sem kynnt var danska þinginu kemur einnig fram að ekki verði til næg bóluþefni fyrir



HÆNSN Þeir sem umgangast hænsn eru í mestri hættu á að smitast af fuglaflensu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

alla landsmenn. Því verði þeir fyrst bólusettil sem taldir eru líklegastir til að sýkjast. Eldra fólk sem þjáist af lungna- og hjarta-


sjúkdómum og þeir sem eru ónæmir fyrir bólusetningum eru taldir í mesti hættu.

- ks

Höldum okkar merki á lofti 1. maí!

Leiðbeiningar: Klippu skiltið út eða rifðu eftir brotalínunni, límdu á stífan pappir eða karton og festu svo á gott þrik. Og sjá! Þá er komið þetta fína skilti til að fara með í kröfugönguna. Safnast verður saman á Hlemmi kl. 13:00. Mundu svo að koma við í 1. maí kaffinu okkar á Broadway beint eftir göngu.

Virðing Réttlæti



Gerðu þér dagamun!



Gómsæt grillspjót

Þjóddu fjölskyldunni uppá ljúffeng grillspjót úr kjötborði Nóatúns. Fjölbreytt úrval af gómsætum grillspjótum sem koma til með að gleða jafnt unga sem aldna sælkeru.



Úr Kjötborði Nóatúns

Nýtt í Nóatúni!

LAMBAFILLET
MEÐ SUÐRÆNNI FYLLINGU

3.490 kr. kg



sparaðu
600
kr. kg

MÓA KJÚKLINGABRINGUR
MAGNKAUP

1.895 kr. kg



Úr Kjötborði Nóatúns

Nýtt í Nóatúni!

NÓATÚNS BBQ GRÍSARIF, FORSOÐIN
AÐEINS NOKKRAR MÍNÚTUR Á GRILLI

1.498 kr. kg



sparaðu
500
kr. kg

LAMBALÆRI KRYDDUÐ/ÓKRYDDUÐ
ÚR KJÖTBORÐI

998 kr. kg



Girnilegar
Myllu meistarakökur

299 kr. stk

Grilleikur Nóatúns

70.000 kr.
gasgrill í verðlaun!!!

NÓATÚN

Ef þú kemur í Nóatún og kaupir þér eitthvað gómsætt á grillið þá færðu þátttökuseðil hjá kjötborði til að skrá þig í pott sem dregið verður svo úr miðvikudaginn 3. maí nk. Sá heppni vinnur glæsilegt Gasgrill að verðmæti 70.000 kr.



Vinnur þú?

Hæsta tilboð í húsnæði ÁTVR í Mjóddinni var 35 milljónum yfir fasteignamati:

Bauð 80,7 milljónir króna í húsnæðið

ÚTBODSMÁL Hæsta tilboð í húsnæði Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins í Mjóddinni var rúmar áttatíu milljónir króna en síðasti dagur til þess að skila inn tilboði til Ríkiskaupa var í gær.

Guðjón Ármann Jónsson, einn eigenda lögræðistofunnar Kollakta, átti hæsta tilboð í húsnæðið.

Vínbúð ÁTVR hefur verið flutt að Stekkjarbakka 6 og er nú í sama húsnæði og verslunin Garðheimar.

Í svari Árna Mathiesen fjármálaráðherra við fyrirspurn Sigurjóns Þórðarsonar, þingmanns Frjálslynda flokksins, kom fram að fasteignamat húsnæðisins í

Mjóddinni hefði verið tæpar 46 milljónir króna. Hæsta boð í húsnæðið er því rúmum 35 milljónum yfir fasteignamati húsnæðisins.

Áætlaður kostnaður við flutning verslunarinnar úr Mjóddinni í Garðheima er um fimmtán milljónir króna.

Verðmat á húsnæðinu lá ekki fyrir þegar Árni Mathiesen svaraði fyrirspurn Sigurjóns en gert var ráð fyrir því að það lægi fyrir áður en fresturinn til þess að skila inn tilboði í húsnæði rynnir út, en hann rann út í gær.

Ekki náðist í Guðjón Ármann Jónsson í gær þar sem hann var á leið til útlanda.

- mh



VERSUN ÁTVR Í GARÐHEIMUM Flutningurinn á verslun ÁTVR úr Mjóddinni í Garðheima kostar með innréttingum um fimmtán milljónir króna.



VIÐURKENNDI FRAMHJÁHALD John Prescott, varaforsetisráðherra Bretlands, kemur af ríkisstjórnarfundum í Downing-stræti 10. Hann hefur staðfest að hafa í tvö ár haldið framhjá með ritara í ráðuneyti sínu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sveinbjörn Eyjólfsson B-lista:

Kominn tími til að breyta

Sveinbjörn Eyjólfsson forstöðumaður hefur verið oddviti í Borgarfjarðarsveit á yfirstandandi kjörtímabili en tekur nú að sér forystuhlutverkið á lista framsóknarmanna í hinu nýja sveitarfélagi í Borgarfirði. Hann telur að meginverkefni nýrrar sveitarstjórnar á komandi kjörtímabili verði að móta nýtt sveitarfélag. „Við þurfum öll að leggja okkur fram um að búa til skemmtilegt samfélag,“ segir hann.

Skipulagsmál verða einnig áberandi að mati Sveinbjarnar enda eru þau mismunandi langt komin í sveitarfélögunum fjórum sem sameinast. „Það tekur tíma að samræma þessi mál og enn fremur þjónustugjöld sem eru mismunandi.“

Framsóknarmenn í Borgarfirði hafa verið í minnihluta í sveitarstjórn undanfarin tvö kjörtímabil og á því vill Sveinbjörn sjá breytingar. „Við höfum áhyggjur af því að D-listi og L-listi hafi ákveðið að halda áfram samstarfi og halda okkur þar með úti. Við stefnum því ótraud á að ná hreinum meirihluta í kosningunum og treystum á að áhæðir kjósendur fylki sér um B-listann. Það er annað hvort við eða þeir og auðvitað erum við í þessari baráttu til að hafa völd og áhrif.“

Sveinbjörn segir að kjósendur verði að átta sig á því að aukist ekki fylgi B-listans muni D-listi og L-listi taka saman höndum á ný. „Og þá verður þetta bara eins og það hefur verið í Borgarfirði undanfarin tvö kjörtímabil.“



Björn B. Þorsteinsson D-lista:

Traust íbúanna er lykilatriði

Björn Bjarki Þorsteinsson bæjarfulltrúi er nýr forystumaður sjálfstæðismanna í hinu nýja nafnlausa sveitarfélagi í Borgarfirðinum. Hann skipaði annað sæti á lista flokksins í Borgarfirði í síðustu kosningum en tekur nú við forystuhlutverkinu af Helgu Halldórsdóttur sem ákvað að draga sig í hlé. „Það er mikill hugur í okkar fólki og við erum með vel mannaðan lista af fólki víða að úr héraðinu,“ segir hann.

Sjálfstæðismenn í Borgarfirði hafa verið í meirihlutasamstarfi með L-listanum undanfarin tvö kjörtímabil og lætur Björn Bjarki vel af samstarfinu. Hann segir flokkinn þó ganga óbundin til kosninga. „Við viljum þó eindregið halda Páli Brynjarsyni áfram sem bæjarstjóra.“

Af lykilmálefnum á komandi kjörtímabili nefnir Björn Bjarki fræðslumálin en í nýju sveitarfélagi verða sex grunnskólar sem hann vill að verði áfram starfræktir undir einni fræðslunefnd. „Svo eru það málefni aldraðra, það þarf að stækka dvalarheimilið og fjölga hjúkrunarrýmum og almennt bæta kjör aldraðra eftir því sem hægt er.“

Björn Bjarki segir D-listann ekki í neinni loforðsamkeppni við aðra flokka um framkvæmdir á næsta kjörtímabili. „Við lítum á það sem lykilatriði í nýju sveitarfélagi að menn upplifi sig sem eina heild og ávinni sér traust íbúanna,“ segir hann.



Finnbogi Rögnvaldsson L-lista:

Nýtt framboð á gömlum grunni

Finnbogi Rögnvaldsson bæjarfulltrúi fer fyrir Borgarlistanum í nýja sveitarfélaginu í Borgarfirði. Hann var í forystu fyrir Borgarfjarðarlistann í Borgarfirði við síðustu kosningar. „Það eru auðvitað talsverðar breytingar á skipan listans, enda eiginlega um nýtt framboð að ræða,“ segir Finnabogi. Góð sátt er um skipan listans að hans sögn enda hafi verið mikið og gott samstarf milli fólks í sveitarfélögunum fjórum fyrir sameininguna.

Hann gerir frekar ráð fyrir að listinn vilji halda áfram meirihlutasamstarfi við Sjálfstæðisflokkinn sem verið hefur í Borgarfirði, verði úrslit kosninganna á þann veg.

Um megináherslumál listans segir hann að skipulags- og samgöngumál verði ofarlega á blaði og nefnir þar sérstaklega breytingar á legu þjóðvegur eitt um sveitarfélagið.

Auk þess segir hann að samskipti ríkis og sveitarfélaga hljóti að verða fyrirferðarmikil á kjörtímabilinu. „Það þarf að endurskoða frá grunni tekjustofna sveitarfélaga og verkaskiptingu þeirra og ríkisins,“ segir hann og bætir því við að þetta sé eitt brýnasta hagsmunamál sveitarfélaga um allt land á komandi árum. „Sveitarfélögin í landinu standa ekkert of vel fjárhagslega og það er ekki síst þess vegna sem nauðsynlegt er að endurskoða tekjustofna þeirra og jafnframt öll samskipti þeirra við ríkið,“ segir Finnabogi.



FRÁ BORGARNESI Borgarnes hefur verið þungamiðja sveitarfélagsins Borgarfjarðar og verður eflaust þungamiðja hins nýja nafnlausa sveitarfélags Borgfirðinga.



Sveitarfélag í mikilli sókn

Íbúar í Borgarfirði og á Mýrum kjósa í fyrsta sinn í sameinuðu sveitarfélagi síðar í mánuðinum. Búist er við spennandi kosningum um það hvort B-listanum tekst að koma D- og L-lista frá völdum.

KOSNINGAR Borgfirðingar og Mýramenn ganga að þessu sinni til sveitarstjórnarkosninga í nýju og sameinuðu sveitarfélagi, sem enn hefur ekki hlotið nafn. Kosnið verður um nafnið samhliða kjöri til sveitarstjórnar en sveitarfélagin sem mynda nýja sveitarfélagið eru Borgarfirði, Borgarfjarðarsveit, Hvítársíðuhreppur og Kolbeinsstaðahreppur.

Drír listar bjóða fram að þessu sinni: Framsóknarflokkur, Sjálfstæðisflokkur og Borgarlistinn, sem samanstendur af Samfylkingarfólki, vinstri grænum og óháðum. Þetta eru sömu listar og buðu fram í Borgarfirði við síðustu kosningar nema hvað Borgarlistinn hét þá Borgarfjarðarlistinn. Í Borgarfjarðarsveit var sjálfkjörið síðast en í Hvítársíðuhreppi og Kolbeinsstaðahreppi var óhlutbundin kosning þar sem enginn listi bauð fram. Allir listarnir bjóða fram fólk víða úr héraðinu.

Í Borgarfirði gengu síðustu

SVEITARSTJÓRNAR-KOSNINGAR 2006

Borgarfjörður

kosningar ekki þrautalaust fyrir sig. Svo mjótt var á munum milli fjórða manns B-lista og annars manns L-lista að grípa varð til hlutkestis sem L-listinn vann. B-listi kærði þá kosninguna og endaði málið hjá félagsmálaráðuneytinu, sem úrskurðaði að kosið skyldi að nýju. Fór sú kosning fram í desemberbyrjun 2002 og varð niðurstaðan sú að Framsóknarflokkur fékk fjóra fulltrúa, Sjálfstæðisflokkur þrjá og Borgarfjarðarlistinn tvo. Þeir síðarnefndu mynduðu meirihluta og af samtölum við forystumenn þessara lista nú má ráða að þeir muni halda samstarfi áfram fái þeir til þess stuðning.

Bæjarfulltrúar í Borgarfirði voru níu og verða það áfram í hinu nýja sveitarfélagi. ssal@frettabladid.is

BORGARFJÖRÐUR

Í Borgarfirði kjósa menn í nýju sveitarfélagi að þessu sinni en hinn 23. apríl í fyrra samþykktu íbúar Borgarfjarðar, Borgarfjarðarsveitar, Hvítársíðuhrepps og Kolbeinsstaðahrepps að sameinast og tekur sameiningin formlega gildi eftir komandi kosningar.

Enn sem komið er hefur sveitarfélagið ekki hlotið nafn, en um það verður kosið samhliða kosningum til sveitarstjórnar. Þá má búast við að farið verði í hönnun nýs byggðamerkis að kosningum loknum.

Íbúafjöldi 1. des. 2005: 3.625

KOSNINGAR 2006:

- Efstu menn B-lista:
1. Sveinbjörn Eyjólfsson forstöðumaður
 2. Jenný Lind Egilsdóttir snyrtifræðingur
 3. Finnabogi Leifsson bóndi
 4. Sigríður G. Bjarnadóttir skrifstofumaður



5. Bergur Þorgeirsson forstöðumaður

Efstu menn D-lista:

1. Björn Bjarki Þorsteinsson bæjarfulltrúi
2. Torfi Jóhannesson rannsóknarstjóri
3. Ingunn Alexandersdóttir leikskólustjóri
4. Þórvör Embla Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri
5. Bernhard Þór Bernhardsson forseti viðskiptadeildar Viðskiptaháskólans á Bifröst

Efstu menn Borgarlistans L-lista:

1. Finnabogi Rögnvaldsson, kennari og bæjarfulltrúi
2. Sigríður Björk Jónsdóttir, sagnfræðingur og MBA
3. Haukur Júlíusson jarðtustgjafi
4. Þór Þorsteinsson framkvæmdastjóri
5. Ingibjörg Danielsdóttir kennari

**LÉTTUR Á BÁRUNNI
Á SKEMMTIBÁT FRÁ OKKUR**

www.velasalan.is

Bátasýning 29.04–01.05

Dreymir þig um sportbát, hraðbát, skemmtisnekku, vatnbát, sjóbát eða gúmmibát? Komdu og vertu fyrir þér glæsilegustu skemmtibáta landsins í öllum stærðum og gerðum á bátasýningu okkar að Ánanaustum 1. **Opið laugardag, sunnudag og mánudag frá kl. 10–17.**



R. SIGMUNDSSON

ÁNANAUSTUM 1 | 101 REYKJAVÍK | Sími 580 5300



Virk Samkeppni

KRÓNAN

VIRK SAMKEPPNI



40% Afsláttur
Móa ferskur kjúklingur heill 419 kr./kg.



20% Afsláttur
Purrkryddað Krónu grillkjöt 4 tegundir



30% Afsláttur
Goða 4 stk. grillborgarar 430 kr./pk.



30% Afsláttur
Gæðagris Brauðskinka 839 kr./kg.



30% Afsláttur
Ali 4 stk. bjúgu 377 kr./kg.



30% Afsláttur
Ali Medisterpylsa 454 kr./kg.

Leyfðu þér meira á lægra verði



Wanted tortilla chips 450g
279 kr./pk.

Wanted salsa mild
149 kr./stk.



Kjúlingamánar 2 tegundir
349 kr./pk.



Goða kæfur 150g 4 tegundir
129 kr./stk.



Gleðilegt sumar



Nattúra hefðbundin salatblanda
169 kr./pk.

ALLT AF FRÁBÆR TILBOÐ

Grípum geirinn í hönd

1. maí er hátíðlegur dagur í augum flestra Íslendinga en þessum degi er fagnað á mismunandi forsendum. Í hugum yngra fólks er hann ekkert annað en venjulegur frídagur, en í huga manns sem man tímana tvenna stendur hann fyrir áratuga baráttu fyrir jöfnuði og það sem flestir telja sjálfsgöð mannréttindi. Fyrsti dagur maímánaðar hefur í rúma öld verið sérstakur og kemur þar marga til, en fyrst skal það telja að hann er dagur verkalyðsins. Svavar Hávarðsson leit um öxl og kynnti sér sögu þessa dags hér og erlendis.

Á þingi evrópskra verkalyðsfélaga í París árið 1889 var samþykkt tillaga um að 1. maí skyldi verða alþjóðlegur frídagur verkafólks. Frakkar, sem lögðu tillöguna fram, vildu að verkafólk notaði daginn til fjölda-funda til að fylgja eftir kröfum um átta stunda vinnudag og öðrum umbótum á kjörum sínum. Það varð hins vegar hálfgert hernaðarástand í mörgum evrópskum borgum þennan dag og töldu ýmsir að það tiltæki að halda sérstakan baráttudag væri upphaf byltingar. Í Frakklandi voru kröfugöngur bannaðar og á nokkrum stöðum í Austurríki brutust út átök. Þúsundir manna í Bretlandi tóku þátt í kröfugöngum þann 1. maí og á Ítalíu og Spáni urðu róstur og margir verkalyðs-sinnar voru hnepttir í varðhald.

Aðdragandinn að stofnun frídags verkamanna, 1. maí, var þó enn lengri því allt frá árinu 1860 höfðu samtök verkamanna í Bandaríkjunum barist fyrir átta stunda vinnudegi og þegar bandarísku verkalyðssamtökin voru stofnuð árið 1886 settu þau einnig kröfu um átta stunda vinnudag á oddinn. Sambandið ákvað árið 1889 að efna til allsherjar vinnustöðvunar 1. maí árið eftir til að knýja fram viðurkenningu á þessari kröfu. Það voru því kröfur amerískra verkamanna sem gerðu það að verkum að áðurnefnd ákvörðun var tekin í París.

Valið á þessum degi styðst við rötgróna hefð, en menn tóku sér oft frí þennan dag. Í heidnum síð var hann táknrænn fyrir endalok

Alþjóðasöngur verkalyðsins

Fram, þjáðir menn í þúsund löndum
sem þekkið skortsins glímutök!
Nú báruð frelsis brotna á ströndum,
boða kúgun ragnarök.
Fúnar stoðir burtu við brjótum!
Bræður! Fylkjum liði í dag -
Vér bárum fjötra, en brátt nú hljótum
að byggja réttlátt þjóðfélag.

Þó að framtíð sé falin,
grípum geirinn í hönd,
því Internationalinn
mun tengja strönd við strönd.
(Eugén Pottier;
þýð. Sveinbjörn Sigurjónsson.)

vetrarins og upphaf sumars. Á Norðurlöndunum var 1. maí fyrsti dagur sumars.

Þann 1. maí gengur fólk undir rauðum fána og leikinn er alþjóðasöngur verkalyðsins. Mörgum verður þá hugsað til Sovétríkjanna sálugu og alræðisvalds kommúnistastjórna. Upprunaleg merking þessara tákna er þó fyrst og fremst krafa um breytingar og réttlátara þjóðfélag. Rauði liturinn á fána verkalyðshreyfingarinnar táknar uppreisn gegn ranglæti.

Fyrsta kröfugöngurinn á frídegil verkamanna á Íslandi var árið 1923 í Reykjavík, en um nokkurra ára skeið fram að því höfðu verið haldnar innisamkomur 1. maí.



1. MAÍ 1978 Séð upp Laugavegin í Reykjavík. Kröfugöngur á þessum degi hafa lengi verið farnar niður verslunargötuna.

Þennan dag fylkti reykvískt verkafólk liði en hafa þær hugfast að Alþýðusamband Íslands var stofnað árið 1916 og sameining verkafólks í heildarsamtökum hefur örugglega stuðlað að því að fólk tók að hittast á þessum degi. Ekki voru fyrstu göngurnar fjölmennar og þær vöktu ekki mikla athygli nema kannski andstæðinga samtaka launafólks. Í fyrstu göngunni árið 1923, og í mörg ár eftir það, hópuðust þeir saman og jusu yfir göngumenn háðsglósom og skítkasti. Göngumenn létu þetta ekki á sig fá og göngur á 1. maí urðu árlegur viðburður. Göngumönnum fjölgaði og kröfugöngur voru farnar víða um land.

Tuttugu árum síðar hafði margt breyst. Á stuttum tíma hafði íslenskt samfélag tekið verulegum breytingum og styrkur verkalyðshreyfingarinnar á almenna markaðnum var allur annar. ASÍ var orðin máttug fjöldahreyfing og naut vaxandi virðingar. Stríðið var í afgangi og félög eins og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja höfðu gengið í lið með Alþýðuhreyfingunni um að halda 1. maí hátíðlegan sem frídag alls launafólks. Í ávarpi sínu árið 1943 leit Guðgeir Jónsson, forseti ASÍ, um öxl og rifjaði upp að sambandið hafði verið stofnað árið 1916 á tímum fyrri heimsstyrjaldarinnar. Það var stofnað af sex félögum með sex hundruð starfsmenn innan vébanda sinna. Tuttugu og þremur árum seinna hafði félagatalan þrjúfaltast, félögin voru orðin 116 og voru félagsmenn nítján þúsund alls. Þetta sást á kröfugöngunni 1. maí árið 1943 sem að sögn blaðamanns Alþýðublaðsins var sú stærsta sem sést hafði.

Fyrst var gengið um vesturbæinn og síðan lá leiðin austur á



1. MAÍ 1964 Séð yfir Lækjartorg og Bernhöftstorfuna í Reykjavík. Árið 1943 var vélbyssu-hreiður setuliðsins staðsett á torfunni og notað sem ræðupallur.

bóginn. Lúðrasveitir léku og fólkíð skipaði sér undir fána félaga sinna. En íslenski fáninn var líka á lofti, rauðir fánar voru margir og mismunandi stórir, áletraðir borðar og spjöld með kröfum dagsins. Um kvöldið voru skemmtanir í Alþýðuhúsinu við Hverfisgötu og í Iðnó. Bæði húsin voru full úr dyrum og dagskráin fjölbreytt: stutt ávörp, skáld létu ljós sitt skína og sungið var og dansað. Þeir sem heima sátu hlustuðu á dagskrá útvarpsins sem var helguð 1. maí að hluta. Þessi hátíðarstemning er lýsandi fyrir 1. maí kröfugöngur og hátíðarhöld næstu áratuga. Um litríkar og glæsilegar fjöldagöngur var að ræða og hátíð í hugum verkafólks og kannski þjóðarinnar allrar. Það sem breytt milli ára voru kröfur dagsins, málaðar og skrifaðar á

spjöld og borða, þó þær hafi ávallt verið keimlíkar. Svo er enn í dag.

Árið 2006 er merkilegt í sögu verkalyðshreyfingarinnar á Íslandi vegna þess að níutíu ár eru síðan Alþýðusamband Íslands var stofnað. Það telst einnig mikilvægt í sögulegu ljósi vegna þess að síðar á þessu ári verða stofnuð ný samtök verkalyðshreyfinga á heimsvísu með rúmlega 200 milljónum félaga. En þótt samtökin séu ný þá er boðskapurinn sá hinn sami eftir áratuga baráttu. Samtökunum er ætlað að berjast fyrir réttindum og bættum hag verkamanna, gegn valdniðslu og arðráni og skapa vettvang verkalyðsfélaga um allan heim til þess að halda hugsjóninni um jöfnuð á lofti.

Heimildir: Alþýðusamband Íslands, Þorleifur Óskarsson, vísindavefur.hi.is

1. útdráttur 9. maí

773 skattfrjálsar milljónir á árinu



Ágóði af Happdrætti DAS rennur til uppbyggingar dvalarheimila fyrir aldraða

Hringdu núna 561 7757
Kíktu á netið www.das.is

HAPPDRÆTTI
das
-vinningur í hverri viku

Bilamöflyandi
SABANOUS

Úlfar Traustason

~~ADSTODARFRAMKVÆMDASTJÓRI~~

Taktu næsta skref

MS í alþjóðaviðskiptum, hagfræði og lögum

MA í Evrópufræði

MS í bankastarfsemi, fjármálum og alþjóðaviðskiptum

MA í hagnýtum hagvísindum

ML í lögfræði

MA í menningar- og menntastjórnun

MPA í opinberri stjórnsýslu

MA í skattarétti

MS í stjórnun

MS í viðskiptalögfræði

Meistaránám

Viðskiptaháskólinn á Bifröst býður upp á tíu námsleiðir til meistaragráðu. Námið er einstaklingsbundið, nemendur geta í sumum tilvikum stýrt hraða sínum sjálfir og jafnvel stundað nám með vinnu. Kíktu á www.bifrost.is og sjáðu hvernig þú getur náð enn lengra.

Umsóknarfrestur er til 1. júlí 2006.


Nánari upplýsingar:

www.bifrost.is 311 Borgarnes | Sími: 433 3000



VIÐSKIPTAHÁSKÓLINN

BIFRÖST



José Diogo, f. 1959
Starfar við ræstingar á Grund
og er félagi í stéttarfélaginu
Eflingu.

Ásdís Árnadóttir, f. 1923
Vann um árabíl á Grund við
umönnun og var Sóknarkona.

Karl Adolfsson, f. 1922
Fyrirverandi húsgagnabólstrari
og félagi í lónaðarmannafélagi
Reykjavíkur.

Susan Rosento, f. 1973
Starfar við ræstingar á Grund
og er félagi í Eflingu.

Gunnar Hjálmtýsson, f. 1920
Starfaði sem götusópari og var félagi
í verkalyðsfélaginu Dagsbrún.



Íslendingar, til hamingju með verkalýðsdaginn.



Margrét Auðunsdóttir, f. 1906
Starfaði í eldhúsi Landspítalans
og var formaður Sóknar á
árunum 1956-1972.



Rósa Bjarnadóttir, f. 1945
Starfskona í býtibúri á
dvalarheimilinu Grund
og félagi í Eflingu.



Helga Guðmundsdóttir, f. 1916
Starfaði við aðhlyningu á Grund
í áraaraðir og var Sóknarkona.



Guðrún West Frederiksen, f. 1926
Starfskona í umönnun og
sannkallaður gleðigjafi á Grund.
Félagi í Eflingu.

Didda Scheving, f. 1978
Starfar við umönnun
heimilismanna á Grund
og er félagi í Eflingu.



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

NEYÐARHJÁLP ÚR NORÐRI



heldur fjölskylduskemmtun í

LOFTKASTALANUM

laugardaginn 6. maí 2006 kl. 14.00

100 félagar úr:

Stúlknaþór Reykjavíkur

Gospelsysturum Reykjavíkur

og Vox Feminae

undir stjórn Margrétar J. Pálmadóttur

Fram koma:

Kynnar:

Stefán Jón Hafstein og

Gísli Marteinn Baldursson

Björgvin Franz Gíslason

Bardukha

Bubbi Morthens

Hjörleifur Valsson

Lenka Matéová

South River Band

Mariús H. Sverrisson

Peter Maté

Ragnheiður Gröndal

Rósa Guðmundsdóttir

**Snorri Snorrason,
Idolstjarna Íslands 2006**

Miðasala í Loftkastalanum hefst kl. 12.00

Styrktarreikningur: 0135-05-72000

Aðgangseyrir, kr. 1.500.-

rennur óskiptur til fólks í Tékklandi sem í flóðunum í mars og apríl hefur misst aleigu sína í þriðja sinn á tæpum níu árum vegna flóða.

Crawford Hurðir - Hurðaborg

Loft
KASTALINN

Bæjarins bestu
pýlsur

Iceland Express



Tékk
KRISTALL
KRINGLUNNI

BYLGJAN
20 ÁRA

365

HLJÓDFÆRAHÚSIÐ



a2b bílaleiga

VISA

MINICARDS
maximum iceland

Ísland og ESB

UMRÆÐAN
KJARTAN FJELDSTED NEMI SKRIFAR UM
EVROPUSAMBANDIÐ

Hannes Hólmsteinn Gissurarson skrifar um íslenskt atvinnulíf og ESB í Fréttablaðinu 28. apríl. Dregur Hannes nokkrar óvarlegar ályktanir sem ástæða er til að gera athugasemdir við.

Hannes heldur því t.a.m. fram, að aðild að ESB hefði neikvæð áhrif á íslenskan vinnumarkað. Hins vegar er það svo, að „reglugerðafargan“ á evrópskum vinnumarkaði er fyrst og fremst ákvörðun hvers ríkis fyrir sig, og á ekki rætur sínar að rekja til „stjórnarherra“ í Brussel eða félagslegs sáttmála ESB. Er þar verulegur munur eftir ríkjum, allt frá verulegum höftum á vinnumarkaði á Ítalíu og í Frakklandi til mjög frjálslægra reglna í Danmörku, Bretlandi og á Spáni. Raunar benda rannsóknir til þess að reglur sem takmarka frelsi atvinnurekenda til að segja upp starfsfólki hafi tiltölulega lítil áhrif á atvinnuleysi. Orsakanna er fremur að leita í rausnarlegum og ótímabundnum atvinnuleysisbótum og háum launasköttum. Hvorugt á rætur sínar að rekja til ESB, sem fer hvorki með skattlagningarvald né ákvarðar fyrirkomulag almannatrygginga.

Aðild að ESB mundi því ekki hafa í för með sér þau þyngjandi áhrif á íslenskum vinnumarkaði sem Hannes gefur í skyn. Staða Íslands gagnvart ESB nú minnir um margt á stöðu Pólverja, Tékkna og Ungverja á 10. áratugnum, sem sóttust eftir inngöngu í sambandið vegna þess að þeir töldu stöðu sína utan þess óviðunandi. Þessi ríki, eins og Ísland, voru og eru mjög háð innri markaði ESB, en lítil hagkerfi þeirra skiptu sambandið að sama skapi litlu

máli. Þessi ójafna staða gerði ýmsum sérhagsmunum innan sambandsins kleift í tíma og ótíma að krefjast verndaraðgerða gegn útflutningsvörum þeirra - sem sambandið varð oftast en einu sinni við - sem ógnaði efnahagslegu öryggi í þessum ríkjum. Þá stóð óviss staða þeirra utan sambandsins í vegi fyrir erlendri fjárfestingu. Eina varanlega lausnin var að ganga í sambandið. Samsetning íslensks útflutnings er að vísu ólík, en rökkin að baki eiga samt sem áður við.

Vissulega er líklegt að Íslendingar greiddu meira í sjóði ESB en þeir fengu til baka í beinum framlögum. Hvaðan Hannes hefur ágiskun sína um tugmilljarða kostnað fram yfir ávinning á ári er óljóst, en hún hljómar þó ákaflega ósennilega. Því er að vísu ekki að neita, að umtalsverð óvissa ríkir hvað varðar þjóðhagslegan ávinning af aðild, en þegar tekið er tillit til áhrifa aukinnar utanríkisverslunar, meiri erlendra fjárfestinga og virkari samkeppni á vörumarkaði er það líklegra en ekki, að heildaráhrifin yrðu jákvæð.

Séu það ákjósanleg markmið að hér ríki „há laun, lágir skattar og eðlilegt matvælaaverð“ er það jafnframt svo, að aðild að ESB væri einmitt rétta skrefið í þá átt að gera þau að veruleika. Í öllu falli kemur aðild þeirra að ESB ekki í veg fyrir að Eistlendingar hafi engan skatt á hagnað fyrirtækja. Að sama skapi átti inn-ganga Svía og Finna í sambandið drjúgan þátt í því að matvæla-averð þar lækkaði. Aðild er því líklega einmitt mikilvæg forsenda þess að markmið Hannesar hvað Ísland varðar náist.

Höfundur er nemi í evrópskum fræðum við Johns Hopkins.

1. maí í Reykjavík Launafólk



Kröfuganga dagsins fer frá Hlemmi Safnast verður saman við Hlemm og gengið niður Laugaveg kl. 13.00 Gangan leggur af stað kl. 13.30 Lúðrasveit verkalýðsins og Lúðrasveitin Svanur leika fyrir göngu Útifundurinn hefst á Ingólfstorgi kl. 14.10

Ávarp

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, formaður Landssambands íslenskra verzlunarmanna.

Tónlist

Ragnheiður Gröndal og hljómsveit.

Ávarp

Vernharð Guðnason, formaður Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.

Gamanmál

Karl Ágúst Úlfsson og Sigurður Sigurjónsson, leikarar.

Ávarp

Guðni Rúnar Jónasson, formaður Iðnnemasambands Íslands.

Fundarstjóri

Ágúst Þorláksson, Efling - stéttarfélag.

Verkalýðsfélögin í Reykjavík

BSRB

Bandalag háskólamanna

Kennarasamband Íslands

Iðnnemasamband Íslands

allt ferðir

Alla miðvikudaga og laugardaga

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Svandís, Árni Þór og Ragnheiður Ásta bjóða baráttuglaða göngumenn velkomna á Hótel Borg að loknum útifundi verkalýðsfélaganna



Magnússon - Sigrún Valgerður Gestsdóttir - Álfheiður Bjarnadóttir verkakona



HVAÐ SEGIR ÞAKIÐ UM ÞIG?

Húspök Íslendinga eru litrík í meira lagi. En hvað þýða litirnir á þökunum?

HÚS 2

allt fasteignir

ER ÞÍN EIGN AUGLÝST HÉR? MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

FASTEIGNASÖLUR

| | |
|-------------------|-------------|
| Ás | 10-13 |
| Árborgir | 23 |
| Dómus | 8 |
| Draumahús | 19-22 |
| Eignaumboðið | 15 |
| ES | 28 |
| FMG fasteignasala | 33 |
| Gloria Casa | 7 |
| HHús | 26 |
| Hof | 23 |
| Lundur | 24 |
| Lyngvík | 6 |
| Neteign | 29 |
| Nýtt | 14 |
| Perla | 31 |
| Remax | 27, 30, 32, |
| Saga fasteignir | 29 |
| Valhöll | 16 |



Húsið er í byggt í stíl aldamótanna 1900 en á sama tíma mjög nútímalegt og íburðarmikið.

GÓÐAN DAG!

Í dag er mánudagurinn
1. maí, 121. dagur ársins
2006.



| Sólarupprás | Hádegis | Sólarlag | |
|-------------|---------|----------|-------|
| Reykjavík | 5.00 | 13.25 | 21.52 |
| Akureyri | 4.33 | 13.09 | 21.49 |

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað
smáauglýsingar á visir.is

Rúmgott glæsihús í Hafnarfirði

**Fasteignasalan Ás hefur til sölu
glæsilegt og rúmgott hús við Hringbraut
í Hafnarfirði.**

Við Hringbrautina í Hafnarfirði stendur þetta glæsilega hús. Um er að ræða einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Húsið er byggt 2001 af Ásgeiri Úlfarsyni húsasmíðameistara en það var Sigurður Þorvarðarson sem teiknaði það og hafði til hliðsjónar hús á Íslandi um 1900. Mikið er lagt í húsið að öllu leyti og til dæmis er burðarvirki þess mun öflugra en til er ætlast.

Í húsinu eru þrjú svefnherbergi, öll mjög stór. Hjónaherbergi er með fataherbergi og innangengt á snyrtingu. Á neðri hæð er forstofuherbergi, gestasnyrting með sturtu,

þvottaherbergi, eldhús og stofa sem er alrými. Með hurðum og gluggum eru listar eins og tíðkaðist í gömlum húsum. Í lofti er hvítur panell, málaður og stílfærður af Gísla Finnssyni málarameistara. Úr þvottahúsi er innangengt í mjög rúmgóðan bílskúr. Stofan er mjög stór og þaðan er gengið út á stóran pall í garðinum.

Sérsmíðaður stigi með timburþrepum liggur upp á efri hæð. Þar er komið í rúmgott sjónvarpshol en úr því er gengið út á 34,5 fermetra svalir.

Neðri hæð hússins er 120,6 fermetrar, sú efri 82,9 og bílskúrin 39,8 eða samtals 242,7 fermetrar.

Húsið selst ef viðunandi tilboð fæst. Áhugasamir hafi samband við Eirík Svan, sölumann hjá Ás.



Auðveldlega má þetta byggðina á Eskifirði, að mati Umhverfisnefndar Fjarðabyggðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vilja þéttari byggð

UMHVERFISNEFND FJARÐA-BYGGÐAR VILL NÝTA BETUR LÓÐIR Í ÞÉTTBÝLI SVEITARFÉLAGSINS, EKKI SÍST Á ESKIFIRÐI.

Lóðir fyrir nálega 100 íbúðir eru til á Eskifirði að mati umhverfisnefndar Fjarðabyggðar, sem gert hefur úttekt á lóðamálum sveitarfélagsins. Þar miðar hún við að hægt sé að skipuleggja 30-40 lóðir með þéttingu og uppkaupum á einhverjum

lóðum og húsum. Fimmtíu íbúðir eiga svo að rúmast í nokkrum fjölbýlishúsum sem Eddu-Borgir hafa skipulagt. Að sögn Steindórs Hinriks Stefánssonar, fulltrúa hjá bygginganefnd Fjarðabyggðar, eiga þau hús að standa beint uppi af byggjunni og frystihúsinu en fyrst þarf ýmsu að breyta, meðal annars að flytja sjóminjasafnið í annað húsnæði. Næsti byggingakostur gæti svo verið að bæta við svæðum í Dalnum.

Fasteignalán

Kynntu þér kostina við fasteignalán Landsbankans. Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar og veldu leiðina sem hentar þér best. Með faglegri ráðgjöf og fjölbreyttum fasteignalánnum hjálpum við þér að eignast þitt draumaheimili. Hafðu samband í síma 410 4000 eða á fasteignathjonusta@landsbanki.is

Við hjálpum þér að eignast draumaheimilið



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is



Hvað segir þakið um þig?

Erlendir ferðamenn býsnast margir yfir því að Íslendingar geti málað húspök sín í þeim litum sem þeim sýnist. En hvað þýða litirnir á húspökunum?

Áferðar og einnig til lýsingar. Í raun eru engar ákveðnar reglur um litaval. Við vitum samt mikið um áhrif lita, til dæmis samspils þeirra, stærðarhlutfalla og áhrifa lýsingar á þá. Tilfinning, ímyndunarafli og skapandi vilji þurfa að vera fyrir hendi við val lita. Aðalatriðið er að fólki líði vel innan um þá liti sem það hefur valið til að hafa í kringum sig," segir Anna Pála.

kæla umhverfið niður. Við erum samt með svo sterka liti í náttúrunni að í raun þurfum við varla þessa sterku liti. Stundum heppnast það þó vel. Rauð þök eru til dæmis vinsæl á sveitabæjum. Græni liturinn á túnunum er andstæða þess rauða og andstæðurnar hífa hvor aðra upp," segir Anna Pála að lokum.

Hún segir Íslendinga nota of mikið af dökkum litum fyrir sinn smekk, ekki síst á þakskegg. „Það getur lyft húsinu upp að hafa þakskeggið ljóst. Íslendingar sækja líka í hlýlega liti á þök á meðan til dæmis Grikkir nota blátt til að

Með þetta veganesti fóru helstu litasérfræðingar Fréttablaðsins á stúfana og rýndu í húspök til að reyna að lesa úr litum þeirra hverjir byggju þar undir. Rétt er að geta þess að hér er ekki um vísindalega úttekt að ræða, heldur einungis getgátur leikmanna.

inareli@frettabladid.is

www.plan.dk

www.ftf-trapper.dk

Beygjanlegur harðviður - tilvalin í handlista

STIGAR
& handrið
- eftir þínum óskum

Mex
Byggingavörur Sími 567 1300
Lyngháls 3 110 Reykjavík

Útsala á Frönskum gluggum 50 - 90 % afsláttur

BERGLI 7,6 M Verð á 157,5 m² byggingarsettum

SKOGHEIM 6,4 M 90 m² + 23 m² svefn. 33 m² sólpallur

Hús & Tæki ehf
Hin vönduðu og vinsælu Norsku hús.
Íbúðarhús - Heilsárhús. Margar gerðir. Gott verð!!!

www.hthus.is S - 540 9600 / 896 1081 Hjörtur / 863 6062 Þorkell

TRÉSTIGAR LAGERVERA

L-stigar, Cottage frá kr 68.000- Beinir stigar, Premium frá kr 19.900- Lúgustigar frá kr 19.900- Hringstigar, Saturn frá kr 95.000- Fura, beyki, Eik

STIGAR HANDRIÐ Stigalagerinn www.stigalagerinn.is s:5641890

Svefn & heilsa

www.svefn.is

GLOFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR

- Hurðir til á lager
- Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir
- Öryggishurðir

GÆÐAHÚS FRÁ HÚS & HÖNNUN

Hús & Hönnun ehf
FAGMENNSKA · GÆÐI · HAGSTÆTT VERÐ

Einbýlishús · Parhús
Raðhús · Sumarhús
Sérsmíði

fáðu tilboð - þér að kostnaðarlausu

Sími 517 4200 · GSM 822 4200
www.husoghonnun.is



Brúnn

 - KT Tunstall - Black horse and the Cherry Tree
 - Maximo Park - Apply Some Pressure
 - Nirvana - Come As You Are
 - Queen - Don't Stop Me Now
 - Queens of the Stone Age - Go With the Flow
 - Razorlight - Somewhere Else
 - Snow Patrol - Run
 - Stereophonics - Dakota
 - The Bravery - An Honest Mistake
 - The Cardigans - My Favourite Game
 - The Hives - Hate To Say I Told You So
 - The Killers - Somebody Told Me
 - The Offspring - Self-Esteem
 - The Rolling Stones - Paint It, Black
 - The Scorpions - Wind of Change
 - The Undertones - Teenage Kicks
 - Thin Lizzy - The Boys are Back in Town

allt heilsa

Alla þriðjudaga og fimmtudaga



EUROVISION 2006 GUNNHILDUR A. GUNNARSDÓTTIR SKRIFAR UM SILVÍU OG KEPPINAUTANA

Finnar hóta að draga skrímslin úr keppni

Finnsku ríkissjónvarpið, YLE, hefur hótað að draga þungarokks-skrímslin Lordi úr Eurovision vegna kosnaðar við eldtækni á sviðinu. Lordi ætlaði að standa á brennandi sviðinu og þarf sjónvarpsstöðin finnska að greiða sérstaklega fyrir það.

„Finnland tekur ekki þátt ef verðið verður ekki lækk- að. Við erum ekki að reyna að vera dónalegir, en slík hótun er nauðsynleg á þessu stigi,“ segir

finnski dagskrárgeraðarstjórinn hjá YLE, Ilkka Talasranta: „Þrátt fyrir að eldhafið sé gríðarlega mikilvægt í lagi Lordi Hard Rock Halleluja er YLE ekki tilbúið að borga tugþúsundir evra fyrir slíkt.“



Greint er frá málinu í finnska afþreyingarmiðlinum Illtalehti.fi og einnig að þýskt fyrirtæki hafi verið fengið til þess að sjá um eldhafið á sviðinu og setji það fram svimandi háa reikninga.

Finnska Eurovision-lagið í ár er með mjög óhefðbundnu sniði. Hljómsveitin klæðist búningum og leikur lag sem er blanda af lögum Rammstein, Alice Cooper-laginu Poison og KISS. Aldrei áður hefur eins þungt rokk verið flutt í keppninni. Lagið ætti að falla okkur Íslendingum í geð. Einhverjir hafa líkt atriðinu við leikhús.

Hljómsveitin Lordi er ekki

með öllu óþekkt en platan The Monster Show hefur verið gefin út í meira en tuttugu löndum. Lordi varð þekkt í Finnlandi fyrir fjórum árum þegar hljómsveitin gaf út plötuna Get Heavy.

Hljómsveitar meðlimir vilja ítreka að þrátt fyrir skrímslaútlit sitt og aðdáun þeirra á dauðanum séu þeir alls ekki djöfladýrkendur. Meðal þekktra laga þeirra í Finnlandi er til að mynda The Devil Is A Loser eða djöfullinn er minni-pokamaður.

Finnar hafa gefið Grikkjum nokkra daga til að miðla máluðnum svo þeir geti badað sig í eldnum á sviðinu í Aþenu.



Komur / Frá Manchester

BADLY DRAWN BOY

ELBOW

ECHO AND THE BUNNYMEN

ANDY ROURKE (THE SMITHS)

TRABANT

BENNI HEMM HEMM

SIGURVEGARI MÚSÍKTILRAUNA 2006

MUNIÐ
MANCHESTERTÓNLEIKANA
Í LAUGARDALSHÖLL 6. MAÍ FRÁ KL. 17:30-00:00

2.600 KR. Í STÆÐI
3.700 KR. Í STÚKU

Miðasala á midi.is, í BT og í verslunum Skifunnar.



WWW.ICELANDAIR.IS



RUSL EFTIR MENNTAMENN Notendur Þjóðarbókhöðunnar hafa verið duglegir við að safna sigarettustubbum og öðru ógeði í vetur í tréin við Þjóðarbókhöðuna.



UMHVERFISLIST? Það er virkilega mikið rusl að finna í þverholtinu í kringum Kling og Bang gallerið. Spurning hvort Listaháskólinn sem er til húsa í nágrenninu geti ekki gert sér mat úr þessu og unnið einhver umhverfisvæn listaverk úr óskapnaðinum?



VERÐUGT VERKEFNI Má bjóða þér 273 kr. á tímann fyrir að tína rusl í sumar? Unglingum sem eru fæddir 1991 eða síðar standa þau laun til boða í Vinnuskólanum.

SMS LEIKUR
9. HVEI VINNUR!



SENDU SMS SKEYTID JA HOF Á NÚMERID 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA FYRIR TVO!
VINNINGAR ERU BIÓMIÐAR FYRIR TVO • DVD MYNDIR • TÖLVULEIKIR • VARNINGUR TENGÐUR MYNDINI OG MARGT FLEIRA

RAUDHETTA

FRUMSÝND 28. APRÍL
MÉD ÍSLENSKU OG ENSKU TALI



Næg verkefni fyrir Vinnuskólann

Nú stendur yfir skráning í Vinnuskóla Reykjavíkur fyrir sumarið 2006. Allir krakkar á aldrinum 14-16 ára geta sótt um starf fyrir 12. maí en nánari upplýsingar um kaup og kjör má fá inn á heimasíðunni www.vinnuskoli.is. Þeir sem hafa einhvern tímann unnið í Vinnuskólanum vita að sú vinna er engri lík en Vinnuskólinn hefur það fram yfir aðra vinnu að engar sérstakar kröfur eru gerðar til umsækjanda því að allir þeir sem sækja um vinnu verða ráðnir. Svo

virðist sem ekki verði hörgull á verkefnum fyrir starfsmenn Vinnuskólans í ár því nóg er ruslið í borginni eins og sést á meðfylgjandi myndum. Um 300 manns verða ráðnir sem verkstjórar og leiðbeinendur til að halda stjórn á krökkunum og er verið að ganga frá umsóknum í þær stöður um þessar mundir. Borgarbúar verða þó að þola ruslið aðeins lengur því Vinnuskólinn tekur ekki til starfa fyrir en 12. júní.

- snæ



MINNGAR UM ÁRAMÓTIN Það er gaman að safna minningum um skemmtilega hluti en þó er algjör óþarfi að halda í allt. Í kringum Perluna má ekki bara finna gamlar rakettur heldur einnig alls konar annað rusl sem minnir á áramót og annan mannfagnað.



TYGGJÓKLESSUR Á LAUGAVEGI Það er nóg af ljótum hvítum klessum á Laugavegi en ekki er víst að Vinnuskólinn ráði nokkuð við þær.



LJÓTUR HLJÓMSKÁLI Krakkarnir í Vinnuskólanum ættu að fara létt með það að mála yfir þetta ljóta krot á Hljómskólanum en annars virðist Hljómskólagarðurinn sjálfur vera í nokkuð góðu standi.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

OPIÐ Í DAG

í Smáralind frá
kl. 12-18

*Teardrops &
Wisdom*



by
Sylvia
Night
International
Superstar

JPV
JPV ÚTGÁFA

NÝJA BÓKIN FRÁ SILVÍU NIGHT KOMIN ÚT

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

FRUMSÝNING

Fjórði og síðasti kafli af þrileiknum

Stærsta páskaopnun allra tíma í USA.

SCARY MOVIE 4

Það myndasta sem þú hefur nokkurn tímann sagalt!

Mynd sem fær þig til að tryllast af hlátri

matthew **failure to launch** samth jessica parker

EIN SKEMMTILEGASTA OG FRUMLEGASTA GAMANMYND ÁRSINS.

FRÁBÆR SPENNUMYND SEM KEMUR SÍFELT Á ÓVART.

A SPIKE LEE FILM

INSIDE MAN

ÞETTA VITJÓST VERA HVER PÓLÍSKINGJA BARRABAR, HVAÐ DU ANNAÐ HVAÐ LUGS

KEVIN WASHINGTON
CARE OWEN
AND FOSTER

FÖR HVERI Á TÖPUNN Í BRANNAKING JARON

Fjórði og síðasti kafli af þrileiknum

SCARY MOVIE 4

HARRISON FORD
PAUL BETTANY

FIREWALL

Háskólabíó

| ÁLFABAKKA | KEFLAVÍK | KRINGLUNNI | HÁSKÓLABÍÓ |
|---|--|--|--|
| <p>SCARY MOVIE 4 KL. 2-4-5-6-7-8-9-10-11 B.I. 10</p> <p>SCARY MOVIE 4 VIP KL. 2-4-6-8-10 B.I. 10</p> <p>FAILURE TO LAUNCH KL. 2-4-6-8-10:10</p> <p>FIREWALL KL. 3:30-5:45-8-10:20 B.I. 16</p> <p>V FOR VENDETTA KL. 8 B.I. 16</p> <p>WOLF CREEK KL. 10:30 B.I. 16</p> <p>EIGHT BELOW KL. 5:45</p> <p>LASSIE KL. 1:45-3:45</p> <p>BAMBI 2 ísl. tal KL. 1:45-3:30</p> | <p>SCARY MOVIE 4 KL. 4-6-8-10 B.I. 10</p> <p>FAILURE TO LAUNCH KL. 6-8 B.I. 16</p> <p>FIREWALL KL. 10 B.I. 16</p> <p>ICE AGE 2 ísl. tal KL. 4</p> <p>LITLI KJÚLLINN ísl. tal KL. 2</p> | <p>SCARY MOVIE 4 KL. 12-2-4-6-8-10-11 B.I. 10</p> <p>THE INSIDE MAN KL. 5:30-8-10:40 B.I. 16</p> <p>FAILURE TO LAUNCH KL. 12-2-4-6-8:30</p> <p>BAMBI 2 ísl. tal KL. 12-3:50</p> <p>LITLI KJÚLLINN ísl. tal KL. 2</p> | <p>SCARY MOVIE 4 KL. 3-4-5-6-7-8-9-10-11 B.I. 10</p> <p>FIREWALL KL. 5:45-8-10:10 B.I. 16</p> <p>V FOR VENDETTA KL. 5-8-10 B.I. 16</p> <p>BLÓÐBÖND KL. 6</p> <p>THE MATADOR KL. 8 B.I. 16</p> <p>LASSIE KL. 3</p> <p>BAMBI 2 KL. 3</p> <p>LITLI KJÚLLINN KL. 3</p> |

ÁLFABAKKI S: 587-8900 AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170 KRINGLAN S: 588-0800 HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919

Ekki meir, ekki meir!

[KVIKMYNDIR]

UMFJÖLLUN

Scary Movie var ekki góð mynd, Scary Movie 2 var verri, Scary Movie 3 var leiðinlegri en hinar tvær til samans og Scary Movie 4 er sú allra versta. Það er fátt jafn dapurlegt og ófyndnar gamanmyndir og Scary Movie 4 er svo ófyndin að það er beinlínis átakanlegt.

Það sem er fúlast við þessar Scary Movie myndir er að þær gætu alveg verið myndir enda ætti það ekki að vera mikið mál að snúa upp á myndir eins og Saw, The Grudge, The Village og War of the Worlds eins og reynt er að gera hér. Andleysi handritshöfundanna er bara svo yfirþyrmandi og skopskynið á svo lágu plani að grunnhugmyndin að baki myndinni er andvana fædd. Hér gengur leikurinn aðallega út á það að endurskapa atriði úr áður nefndum myndum og snúa þeim svo upp í máttlausa fimmaurabrandara.

Ég leyfði mér fyrirfram að gera mér ákveðnar vonir um Scary Movie 4 þar sem þær myndir sem hér eru teknar fyrir liggja vel við höggi. Vonbrigðin eru þeim mun meiri og ég skil ekki hvað hefur komið fyrir leikstjóranum David Zucker sem á að baki frábrærar gamanmyndir eins og Airplane!, Top Secret! og Naked Gun sem allar byggja á sömu formúlunni og Scary Movie myndirnar. Zucker er greinilega heillum horfinn og eftir Scary Movie 3 og 4 er deginum ljósara að það er tímaþætt fyrir hann að setjast í helgan stein. Scary Movie hefur hins vegar illu heilli slegið í gegn í Bandaríkjunum, fór rakleiðis á toppinn eftir frumsýningu og við megum því eiga von á enn fleiri



SCARY MOVIE 4

LEIKSTJÓRI: DAVID ZUCKER

ÞALHLUTVERK: ANNA FARIS, CRAIG BIERKO.

Niðurstaða: Scary Movie myndirnar eru því miður orðnar fjórar og þessi nýjasta er sú versta. Scary Movie 4 er átakanlega ófyndin gamanmynd. Þegar best lætur er hægt að brosa út í annað en þar fyrir utan eru leiðindin allsráðandi.

Scary Movie myndum. Vinsældir myndarinnar bera andlegum þroska bandarískra bíógesta sorglegt vitni og gefa manni í raun fullt tilefni til þess að missa svefn af áhyggjum af hnignun heilbrigðrar skynsemi og skopskyns í heiminum. Sé þetta það sem koma skal verða gamanmyndir af þessu tagi hryllilegri en hrollvekjurnar sem þeim er ætlað að snúa upp á.

Sögubráð myndarinnar er óþarfi að rekja enda er það ekki hægt en meginstefum og atriðum úr Saw, The Grudge, The Village, War of the Worlds, Brokeback Mountain og einhverju smálegu til viðbótar er hrært saman í samhengislausan graut sem væri svo sem allt í lagi ef þessi ósköp væru myndir. Þegar bestu spretirnir eru teknir getur maður rétt brosað út í annað en þess á milli mæni maður á klukkuna og bíður þess að eyðimerkur göngunni ljúki.

Þórárin Þórárinsson

Richards datt niður

Stórsukkarinn og gítarleikari Rolling Stones, Keith Richards, slasaðist í fríu á Fídjeyjum. Samkvæmt yfirlýsingu frá talsmanni Rolling Stones fékk Richards heilahristing og var fluttur á spítala til vonar og vara en meidslin reyndust ekki alvarleg. Samkvæmt fréttum blaðanna í Eyja-álfu er talið að hinn 62 ára gamli Richards hafi verið að klifra í tré en skrifað fótur með þessum afleiðingum. Talsmaður hljómsveitarinnar vildi ekki staðfesta að Richards hefði verið að þrila.



ROLLING STONES Gítarleikarinn Keith Richards slasaðist á höfði í fríu á Fídjeyjum skömmu eftir tónleika hljómsveitarinnar á Nýja-Sjálandi.

Enginn venjulegur dansflokkur

Sýning bandaríska ball- etthópsins James Sewell verður haldin í Asturbæ laugardaginn 6. maí. Freyr Bjarnason ræddi við forsprakkann sjálfan og spurði hann nánar út í þennan óvenjulega hóp.

Allt frá stofnun hefur balletthópur James Sewell reynt að fara ótrúðnar slóðir, sýna frumlega dansa sem storka tæknilegum takmörkum ballettsins, skemmta og hreyfa við áhorfendum. Ballettinn telst vera sá eini í heiminum sem getur stáð af því að á sýningum hans er algengt að áhorfendur bæði skelli- hlæji og felli tár.

Reynt á líkamlega getu


Hér eru ekki á ferðinni neindir venjulegir listamenn. Hver einasti meðlimur er framúrskarandi dansari á heimsmælikvarða, sérvalinn með það fyrir augum að sýna verk sem eru bókstaflega til þess gerð að reyna á líkamlega getu dansaranna og finna endimörk mannlegrar getu á sviðinu. Dansverkin eru einstaklega hugmyndarík og blanda saman klassískum dansi og nútímadansi, auk þess að fanga myndlist og rúmfræði í sporunum. Tæknileg snilldin er blönduð sérvisku og kímni og útkoman er list sem á engan sinn líka í heiminum.

Flokkurinn hefur hlotið ótal alþjóðlegar viðurkenningar fyrir mikilvægt og frumlegt framlag til nútímaballetts, er eftirsóttur til sýninga um allan heim, kemur oft fram á óhefðbundnum sýningarstöðum og er gríðarlega vinsæll til samstarfs hjá öðrum alþjóðlegum listamönnum, ekki síst úr tónlistargeiranum. Það að flokkurinn skuli hafa fengið til að sýna héraðs er mikill fengur fyrir íslenskt listalíf.

Dansað með vélsög

„Ég hlakka mikið til að koma til Íslands í fyrsta sinn og allir segja að það sé mjög gaman að vera þar,“ segir James Sewell.

Hann segir að ballettsýningin sé alls ekki hefðbundin. „Þegar fólk hugsar



JAMES SEWELL Forspraki dansflokksins er mjög spenntur fyrir förrni til Íslands.

um ballett halda flestir að um formlegan ballett sé að ræða en við við erum ekki þannig. Við dönsum til dæmis við alls konar kvikmyndatónlist sem fólk ætti að þekkja og líka ýmiss konar djass-tónlist. Við erum með atriði sem nefnist Guy in the Water þar sem fólk dansar með verkfæri. Ein ballerínan sem í atriðinu er í keppni hjá byggingavörufyrirtæki dansar með vélsög og það er nokkuð sem fólk hefur ekki séð áður,“ segir James og játar að það atriði sé örlítið hættulegt. „Við fundum samt leið til að gæta fyllsta öryggis. Síðan notum við líka rafmagnssnúruna og gerum ýmislegt skemmtilegt með hana.“

James Sewell- ballettinn var stofn-



MED VÉLSÖG

Ein ballerínan dansar um með vélsög, sem hlýtur að teljast harla óvenjulegt.

aður í New York árið 1990 en fluttist til Minneapolis þremur árum síðar, þar sem hann hefur bæki- stöðvar sínar enn þann dag í dag. Sewell segir að ballettsýningin hafi notið vaxandi vinsælda í gegnum árin. Þrátt fyrir það hafi hann aldrei viljað fjölga í hópnun, sem samanstendur af níu dönsurum. Vill hann halda fyrirtækinu frekar smá og veitir eiginkona hans honum dygga aðstoð við að halda batteríinu gangandi. Sewell játar að markmið hans sé að kynna dans fyrir fleira fólki og minnka for- dóma í garð þessarar listgreinar.

„Fólk hugsar oftast fyrst og fremst um sögulega ballettinn en áttar sig ekki á því að ballett er nútíma listform sem er auðvelt að færa til almennings,“ segir hann og lofar skemmtilegri sýningu fyrir Íslendinga.

Danshópurinn mun dvelja hér á landi í eina viku en eftir það er förrni heitið aftur heim til Minneapolis þar sem við tekur langþráð frí.

Örfáir miðar eru eftir á sýninguna og eru þeir seldir á miði.is, í verslunum Skífunnar í Reykjavík, BT á Akureyri og Selfossi og event.is. Miðaverð er 2.900 og 3.900 auk miðagjalds. ■



STUÐ Áhangendur Ciudad fóru á kostum.

Stuðningsmenn Ciudad Real: Í sigurbolum á leiknum

HANDBOLTI Það er síður en svo djúpt tekið í árinu að halda því fram að stuðningsmenn Ciudad Real hafi verið sigurvissir fyrir leikinn í gær. Þeir blésu til mikillar veislu strax í hádeginu í gær á veitingastað sem er í eigu línumannsins sterka Rolands Urios og þar var drukkið og grillað í garðinum og einnig sungnir sigursöngvar.

Það sem vakti hvað mesta athygli var að forráðamenn stuðningsmannaklúbbs Ciudad voru búnir að prenta bolí sem á stóð „Ciudad Evrópumeistari 2005-06“ og voru fjölmargir áhorfendur í bolunum á leiknum. Hinum fáu stuðningsmönnum Portland sem lögðu leið sína á leikinn var lítt skemmt er þeir sáu bolina og þeir afþökkuðu þegar þeim var boðið eitt stykki. - hbg

Króatinn Mirza Dzomba:

Sigraði loksins

HANDBOLTI Þó Ólafur og fleiri hafi fagnað innilega í gær fagnaði enginn þó eins rosalega og króatíski hornamaðurinn Mirza Dzomba. Hann hafði tapað fimm sinnum í úrslitum þessarar keppni og hann ætlaði vart að trú á eigin augum þegar gullverðlaunin voru hengd á háls hans.

Hann dansaði sem óður væri í kjölfarið og faðmaði vini og fjölskyldu en mikill fjöldi vina hans og ættingja fylgdust með leiknum.

Íbúar Ciudad Real:

Hylla hetjurnar

HANDBOLTI Mikil verður um dýrðir í miðbæ Ciudad Real í dag þegar bæjarbúar munu hylla nýkrýnda Evrópumeistara í handbolta. Búið er að setja upp stóran og mikinn pall á helsta torgi bæjarins og þar verður stíginn stríðsdans fram eftir kvöldi. - hbg



BIKARINN Á LOFT Ólafur Stefánsson réði sér vart af kæti eftir að Ciudad Real hafði tryggt sér Evrópumeistarattílinn í gær. Hér lyftir hann bikarinn stórglæsilega ásamt félögum sínum en það hafði hann áður gert með Magdeburg árið 2002. Stemningin í Quijote-höllinni var engu lík eftir leikinn eins og þessi mynd ber með sér. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Evrópumeistarar með stæl

Ciudad Real bauð upp á flugeldasýningu af bestu gerð þegar liðið tryggði sér sigur í Meistaradeildinni á heimavelli í gær. Ólafur Stefánsson var frábær í leiknum en hann var að vinna keppnina í annað sinn.

HANDBOLTI Hreint ótrúleg stemning var í Quijote-höllinni fyrir leikinn en áhorfendur voru búnir að fylla húsið klukkutíma fyrir leik og var setið í öllum hornum enda komust færri að en vildu. Sigurstemning var í gleðskap fyrir leikinn, sama stemning var í byrjun leiks og hún hélst út allan leikinn því Ciudad hreinlega keyrði yfir Portland strax í upphafi leiks og úrslitin í leiknum, sem og rimmunni, voru ráðin nokkuð snemma. Heimamenn dönsuðu og trölluðu og allt ætlaði um koll að keyra í hvert skipti sem Ciudad skoraði.

Sem fyrr áttu leikmenn Portland engin svör við hreint ótrúlega sterkum varnarleik Ciudad og fyrir aftan vörnina var Sterbik traustur. Besti leikmaður heims, Ivano Balic, var eins og byrjandi í höndunum á Didier Dinart og félögum í vörn Ciudad og þegar

hann skoraði sitt fyrsta og eina mark í leiknum í fyrri hálfleik var ballið í raun búið. Hann minnkaði muninn í 18-9 þegar fjórar mínútur voru eftir af fyrri hálfleik en hálfleikstölur voru 21-11. Það var samt ekki bara vörninn sem skilaði þessu góða forskoti því hraðaupplæg og sóknarleikur Ciudad voru einnig að virka frábærlega og má í raun segja að Portland hafi ekki átt svör við neinu í leik heimamanna.

Ólafur Stefánsson kom af bekknum um miðjan hálfleikinn og fann sig strax vel enda greinilega mjög vel stemmdur. Hann skoraði góð mörk, gaf stóðsendingar og stóð vaktina í vörninni vel.

Síðari hálfleikur var algjört formsatriði en Portland fær prik fyrir að sýna karakter í upphafi hálfleiksins. Þegar Ciudad „kveikti“ á sínum leik á ný dró

hins vegar aftur í sundur með liðunum. Ólafur fylgdi eftir góðum fyrri hálfleik með enn betri síðari hálfleik og skoraði mörk í öllum regnbogans litum. Þegar upp var staðið sigraði Ciudad gestina frá Portland með 9 mörkum, 37-28, og samtals með 15 markum.

Ótrúlega sterk liðsheld Ciudad skapaði sigurrinn en Dujshbaev hefur búið til frábært lið með stjörnum sem vinna vel saman, ólíkt nágrannaliðinu í fótbolta í Madrid. Bestir í gær voru þó Ólafur, Urios og varnartrólið Dinart. Frábær leikur hjá besta liði Evrópu í dag og þar er lykilmaður besta handboltamaður Íslands fyrr og síðar, Ólafur Stefánsson.

EVROPUKEPPNIN Í HANDBOLTA
HENRY BIRGIR GUNNARSSON
Skrifar frá Ciudad Real
henry@frettabladid.is



ÓTRÚLEGT LIÐ Portland San Antonio átti aldrei möguleika gegn Ciudad Real í úrslitunum en Ólafur og félagar komu gríðarlega vel stemmdir í úrslitaleikina tvo. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Finnbogi Sigurbjörnsson og Júlíus Jónasson eru hættir:

Erlendur tekur við ÍR

HANDBOLTI Erlendur Ísfeld skrifaði í gær undir samning við handknattleiksdeild ÍR um að þjálfara meistaraflokk félagsins næstu þrjú árin. Erlendur tekur við af þeim Finnoga Grétari Sigurbjörnssyni og Júlíusi Jónassyni, sem þjálfað hafa hjá ÍR undanfarin fimm ár, en að sögn Hólmgeirs Einarssonar hjá handknattleiksdeild ÍR höfðu þeir tvímenningar ákveðið að láta af störfum eftir þetta tímabil.

ÍR-ingar munu spila í úrvalsdeild karla á næstu leiktíð eftir

frækinn sigur á Valsmönnum í síðustu umferð DHL-deildarinnar á laugardag og í fréttatilkynningu frá ÍR eru þeim Finnoga og Júlíusi þökkuð frábær störf og þá sérstaklega að hafa tryggt liðinu sæti í efstu deild á ári.

Erlendur Ísfeld hefur þjálfað yngri flokka hjá ÍR í hartnær tuttugu ár og gjörþekkir innviði félagsins en hann var einnig þjálfari kvennisliðs Stjórnunar fyrir tveimur árum og náði þar mjög góðum árangri. - vig

Ólafur Stefánsson fór á kostum og varð Evrópumeistari öðru sinni:

Þeir áttu engin svör við okkar leik

HANDBOLTI Ólafur Stefánsson var einn besti, ef ekki besti, leikmaður vallarins í Quijote-höllinni í gær. Hann skoraði sjö glæsileg mörk og átti stórkostlegan leik. Ólafur sleppti síðan af sér beislinu eftir leikinn; fagnaði hreint gríðarlega og meir en nokkur maður hefur séð hann fagna áður. Áhorfendur stóðu upp og hylltu íslenska landsliðsfyrirliðann, sem þakkaði fyrir sig með því að dansa einn furðulegasta dans sem sést hefur í ára-ráðir.

„Þetta var vélsagardansinn. Ég er vanur að taka hann á diskóunum hérna,“ sagði Ólafur léttur á brún og algjörlega búinn á því enda fóru síðustu bensíndroparnir í hinn furðulega vélsagardans. Í honum þykist Ólafur ræsa vélsög og síðan hristist hann um allt gólf með sögna. Hreint út sagt mögnuð sjón og vonandi sjáum við þennan dans eftir Svíaleikinn heima í sumar.

„Þetta er búinn að vera átta mánaða pakk og frábær endir. Leikurinn var léttur enda erum við einfaldlega betri en þeir, sem sést best á því að þeir áttu engin svör við okkar leik,“ sagði Ólafur, sem var rosalega vel stemmdur og fagnaði öllum mörkum sínum af ákafa. „Ef maður er ekki stemmdur fyrir úrslitaleik í Meistaradeildinni þá er eitthvað að. Þetta var svakalega gaman.“



STÓRKOSTLEGUR LEIKMAÐUR Ólafur Stefánsson sýndi svo sannarlega í úrslitaleikjunum gegn Portland að hann er ekki dauður úr öllum æðum sem handboltamaður. Ólafur lék frábærlega í báðum leikjunum og átti stóran þátt í sigrunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ólafur var að vinna þessa keppni í annað sinn en hann vann einnig með Magdeburg árið 2002. Ætli það sé einhver munur á að vinna titlana tvo?

„Þetta er vöðu svipuð tilfinning. Ég er rétt að byrja að fatta þetta. Síðast unnum við ekki fyrr en hálf mínúta var eftir en þessi leikur var búinn eftir korter,“ sagði Ólafur, sem hefur aldrei leikið betur en í ár að margra mati. Er hann búinn að ná hátindi ferilsins? „Auðvitað

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

Meistaradeildin í handbolta:

CIUAD REAL - PORTLAND S.A. (21-11) 37-28

Mörk Ciudad: Ólafur Stefánsson 7/2, Rolando Urios 7, Sjarhei Rutenka 6, Mirza Dzomba 3/1, Jonas Kallmann 3, Julio Fis 2, Ales Pajovic 2, Petar Metlicic 2, Albert Entrerrios 2/1, Didier Dinart 2, David Davis 1.

Varin skot: Arpad Sterbik 9, Javier Hombrados 8.

Mörk Portland: Albert Rocas 5, David Rodrigues 5, Lasse Boesen 5/5, Alberto Martin 3, Carlos Ruesga 2, Ratko Nikolic 2, Javier Ortigosa 1, Zoran Lubej 1, Juancho Perez 1, Lars Jorgensen 1, Ivano Balic 1.

Varin skot: Tomas Svensson 6, Kasper Hvidt 4/1. Ciudad Real sigraði 62-47 samanlagt og er Evrópumeistari meistaraliða.

EHF-keppnin í handbolta:

LEMGO - GÖPPINGEN 25-22

Lemgo sigraði 55-51 samanlagt og er Evrópumeistari félagsliða. Logi Geirsson var markahæstur hjá Lemgo með átta mörk en Ásgeir Örn Hallgrímsson skoraði eitt mark. Jalesky Garcia skoraði ekki fyrir Göppingen.

Evrópukeppni bikarhafa:

C. MEDVEDI - VALLADOLID 32-24

Chevovski Medvedi sigraði 61-60 samanlagt og er Evrópumeistari bikarhafa.



VELSAGARDANSINN Ólafur fagnaði sem villtur maður eftir leik og dansaði það sem hann sjálfur kallar „Vélsagardansinn“.


Ólafur Stefánsson:

Vinsæll meðal stuðningsmanna

HANDBOLTI Ólafur Stefánsson er svo sannarlega í miklum metum hjá stuðningsmönnum Ciudad Real en þeir stuðningsmenn Ciudad sem blaðamaður ræddi við héldu vart vatni yfir landsliðsfyrirliðanum íslenska.

Það er til marks um vinsældir Ólafs að treyjan hans selst vel í minjagripabúðinni í Quijote-höllinni. Aðeins eru seldar treyjur með nöfnum fárra leikmanna og þar eru í mestum metum þjálfarinn Dujshbaev og línamaðurinn Rolando Urios. Ólafur og hornamaðurinn Mirza Dzomba koma þar á eftir. - hbg

STÓRSIGUR SIRKUS!



Uppsafnað áhorf á Sirkus TV eykst um tæp 30% samkvæmt nýrri fjölmiðlakönnun Gallup! Þetta er stórsigur fyrir Sirkus sem þakkar frábærar viðtökur.

VINSÆLAST Á SIRKUS!



AMERICAN IDOL



FRIENDS



X-FILES



TIVOLI



BAK VIÐ BÖNDIN



SUPERNATURAL

Þann 15. apríl síðastliðinn fór Sirkus TV inn á Breiðbandið og ADSL kerfi Símans. Könnunin sem Gallup kynnti í dag var gerð áður en dreifisvæði Sirkus TV stækkaði til muna og því má fullyrða að hún sýni mun minna áhorf en raunin er í dag. Viljum við nota tækifærið og bjóða nýja áhorfendur velkomna í Sirkus fjölskylduna.



www.minnsirkus.is



SIRKUS TV

VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Bláu börnin

NFS kl. 19.10

Ný íslensk heimildarmynd eftir Þór Jónsson, varafréttastjóra NFS. Fjallar myndin með sláandi hætti um skelfileg eftirköst Tjernóbýl-kjarnorkuslyssins sem átti sér stað í fyrrum Sovétríkjunum árið 1986. Árið 1995 fór Þór ásamt öðrum að skoða svæðið og eftirköst slyssins. Þar kynntist hann fársjúkum börnum en þau voru síðan flutt til Íslands þar sem lífi þeirra var bjargað. Nú, í þættinum Bláu börnin, tekur Þór sig til og rifjar upp ferðalagið til Hvíta-Rússlands, veltir fyrir sér tilgangi ferðarinnar og árangrinum og upplýsir okkur um afdrif barnanna bláu og hvernig þeim hefur reitt af síðan lífi þeirra var bjargað. Tilfinningaþrunginn þáttur sem á erindi inn á hvert heimili.



Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 1 | 7 | 9 | 4 | 8 | 6 | 3 | 5 |
| 8 | 5 | 4 | 6 | 3 | 2 | 9 | 7 | 1 |
| 6 | 9 | 3 | 7 | 1 | 5 | 8 | 4 | 2 |
| 5 | 2 | 1 | 8 | 9 | 3 | 4 | 6 | 7 |
| 7 | 6 | 9 | 1 | 2 | 4 | 3 | 5 | 8 |
| 4 | 3 | 8 | 5 | 7 | 6 | 2 | 1 | 9 |
| 9 | 7 | 6 | 4 | 8 | 1 | 5 | 2 | 3 |
| 3 | 8 | 5 | 2 | 6 | 7 | 1 | 9 | 4 |
| 1 | 4 | 2 | 3 | 5 | 9 | 7 | 8 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|--|---|---|---|---|
| | 1 | | | | | | | 4 |
| 9 | | | 1 | | 7 | 2 | | |
| 6 | | | 3 | | | | | |
| | | 5 | 6 | | | 1 | 3 | 7 |
| | | | | | | | | |
| 1 | 7 | 4 | | | | 5 | 8 | |
| | | | | | | 6 | | 8 |
| | | 2 | 7 | | 3 | | | 1 |
| 8 | | | | | | | | 5 |



21.30
Knattspyrna

SPÆNSKU MÖRKIN



18.00 Íþróttasjallið 18.12 Sportið

18.30 **NBA úrslitakeppnin** (NBA 2005/2006 – Playoff games) Útsending frá úrslitakeppninni í NBA

20.30 **Ítölsku mörkin**

21.00 **Ensku mörkin** Mörkin og marktækifærin úr enska boltanum, næst efstu deild.

▶ 21.30 **Spænsku mörkin** Síðustu umferð í spænska boltanum gerð ítarleg skil. Öll mörkin, tilþrifið, umdeildustu atvikin og allt það markverðasta úr síðustu umferð.

22.00 **Veistu svarið?** (Stump the Schwab) Stórskemmtilegur spurningaþáttur þar sem íþróttáhugamenn láta ljós sitt skína.

22.30 **HM 2002 (Senegal – Tyrkland)** Útsending frá leik Senegal og Tyrklands á HM 2002.

0.20 Ítalski boltinn (Siena – Juventus)

RÁS 1 FM 92,4/93,5



7.05 Morgunvaktin 9.05 Laufskálinn 10.13 Stefnumót 11.00 Verkaþólk í fjölmenningsarsamfélagi

12.03 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 13.00 Innsta þrá í óskahöllum 14.10 Frá útihátíðarhöldum 1. maí nefndar verkalyðsfélaganna í Reykjavík 15.00 Músík er menntun 17.00 Allar sem ein kona:

Um búlgarska kvennakórinn Angelite 18.00 Kvöldfréttir 18.21 Smásaga: Glataður sonur 19.00 Vitinn 19.30 Laufskálinn 20.10 Söngvámál 21.00 Hugsað heim 21.55 Orð kvöldsins 22.15 Úr tónlistarlífni

0.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

RÁS 2 FM 90,1/99,9



7.05 Morguntónar 9.05 Brot úr degi

12.03 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 13.00 Í sæng saman 15.00 Sumardvöl í sveit

18.00 Kvöldfréttir 18.24 Auglýsingar 18.21 Tónlist að hætti hússins 19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 Í sæng saman 21.30 Tónlist að hætti hússins 22.10 Saga Pink Floyd

BYLGJAN FM 98,9



7.00 Ísland í bítið 9.00 Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahádeggi 13.00 Rúnar Róberts 16.00 Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í dag 19.30 Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs 1.00 Ragnhildur Magnúsdóttir

AÐRAR STÖÐVAR



FM 90,9 TALSTÖÐIN
FM 99,4 ÚTVARP SAGA
FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp
FM 102,9 Lindin / Kristlegt efni
FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristlegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum
FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

Betra Form
fyrir sumarið

ÁRANGUR
8 vikna námskeið fyrir konur
Njóttu lífsins til hins ítrasta, í þínu besta formi í sumar!

Þúsundir kvenna hafa náð frábærum árangri á **Betra form**-námskeiðunum.

Vertu með!
Skráðu þig strax í síma 414 4000 eða með tölvupósti á hreyfing@hreyfing.is

Morgunhópar
Daghópur
Kvöldhópar
Framhaldshópar
Barnagæsla

Innifalið:
• Þjálfun 3-5x í viku
• Fræðslu- og kynningarfundur með Ólafi G. Sæmundssyni næringarfræðingi
• Fitumælingar og vigtun
• Matardagbók
• Vandað fræðsluefni
• **Lögmálin 9 um megrun** - nýttkomin bók sem veitir allar upplýsingar um hvernig þú kemst varanlega í gott form.

Gott aðhald, mikill stuðningur og fræðsla

Hefst 8. maí

HREYFING
Faxafeni 14 414 4000 www.hreyfing.is



HRÓSIÐ

...fær Auðunn Blöndal fyrir að færa Íslendingum viðtöl við frægjar stjörnur á Cannes-hátíðinni.

| | | | | | |
|----|----|----|----|----|----|
| 1 | | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | | 8 | | |
| 9 | | 10 | | 11 | |
| 12 | | | 13 | | |
| | 14 | | | | 15 |
| 16 | | | 17 | | |
| 18 | | 19 | | 20 | |
| 21 | | | | | |

LÁRÉTT

2 höfuð 6 skammstöfun 8 herma 9 hrós 11 fyrir hönd 12 rusl 14 viðburður 16 smáorð 17 skammstöfun 18 æðri vera 20 skyldir 21 ögn.

LÓÐRÉTT

1 tel 3 samtök 4 reyna 5 planta 7 mjög magur 10 flik 13 því næst 15 gróft orð 16 síða 19 tveir eins.

LAUSN

LÓÐRÉTT: 1 hæld, 3 aa, 4 uppíttá, 5 sar, 7 horður, 10 fát, 13 svo, 15 klám, 16 gúð, 20 að, 21 arða.
LÁRÉTT: 2 haus, 6 eh, 8 apa, 9 lof, 11 p, 12 drasl, 14 atviki, 16 að, 17 off, 18

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á bls. 6

- 1 Darfur.
- 2 Fram.
- 3 541 metri.

Upplýsingar í síma 580 2525
Textavarp: Stöð 2 • 150-153
RÚV • 281, 283 og 284

Vinningsstölur laugardaginn 29.4.2006

3 9 13 15 27

Einfaldur 1. vinningur nk. laugardag Bónustala 18

Jókerstölur vikunnar

Jóker 6 3 3 6 8

Fyrsti vinningur gekk ekki út.

VÍKINGA
Alltaf á miðvikudögum

Vinningsstölur miðvikudaginn 26.4.2006

Aðaltölur 1 24 33 36 42 47

Bónustölur Ofurtala 9 23 43 Einfaldur 1. vinningur nk. miðvikudag

Jókerstölur vikunnar

5 0 2 9 8

Fyrsti vinningur gekk út.

Birt með tynnarum um þrennur.



SÉRFRÆÐINGURINN SIGURÐUR BESSASON OG EFTIRMINNILEGASTI VERKALÝÐSDAGURINN

Frídagur verkamanna, 1. maí, er í dag og er mikil hefð fyrir hátíðarhöldum um allt land. Verkalýðsfélög hafa yfirleitt haft mikið fyrir því að skipuleggja kröfugöngur þar sem málefnum verkafólks eru gerð góð skil.

Eftirminnilegasti verkalýðsdagurinn að mati Sigurðar Bessasonar, formanns Eflingar, var haldinn á Hólmavík fyrir um það bil tíu árum.

„Ég var ræðumaður á 1. maí á Hólmavík og renndi alveg blint í sjóinn hvernig aðstæður yrðu og fyrirkomulag varðandi ræðuhöld og húsakynni. Þegar ég kom kom í ljós að það átti að halda daginn hátíðlegan í bragga sem er á staðnum,“ segir Sigurður. „Kröfugangan lagði af stað frá kaupfélaginu og þar var Lapplander fremstur og

spilaði Internationalinn. Nokkrar konur voru þarna með barnavagna en það sást lítið til karla. Síðan nálguðumst við staðinn og þá bættust karlarnir við gönguna og þetta var orðin þokkaleg ganga. Þegar við vorum mætt í salinn til að halda skemmtunina röðuðu sér börn á fyrstu þremur bekkjunum með kók og popp. Fyrir þeim var þetta eins og stór skemmtun að fá einhvern í plássíð. Húsið troðfylltist og þetta var eftirminnilegur og góður 1. maí dagur,“ segir hann.

„Umhverfið var með töluvert ólíkum hætti en þegar menn ganga niður Laugavegin. Þarna sýndi sig að það skiptir ekki alltaf máli á hvaða stað 1. maí er haldinn heldur verður baráttaandinn að vera til staðar á þessum

degi þegar við metum bæði nútíð og framtíð.“

Hvað varðar mikilvægustu kjarasamningana sem Sigurður hefur tekið þátt í nefnir hann þjóðarsáttarsamningana árið 1990 þar sem takmarkið var að berja verðbólguna niður og kjarasamningana árið 2000 þegar fræðslusjóður fyrir verkalýðshreyfinguna var festur í sessi.

SIGURÐUR BESSASON

Formaður Eflingar man vel eftir verkalýðsdeginum á Hólmavík fyrir um það bil áratug.



SÆNSKU NÖRDARNIR Hafa slegið í gegn hjá áskrifendum Sýnar enda þykja þeir bráðfyndnir og verður spennandi að fylgjast með hinni íslensku útgáfu.

HILMAR BJÖRNSSON: VIÐVANINGAR HERTAKA KNATTSPYRNUMA

Sýn leitar að vel gefnum strákum fyrir raunveruleikapátt

Í dag hefst leitin að sextán einstaklingum til að taka þátt í nýjustu raunveruleikaseríunni í íslensku sjónvarpi en það er íþróttaflokkurinn Sýn sem hefur veg og vanda af henni. Hér eru þó hvorki verið að leita að lauslátum partíðyrum, ástsjúkum piparsveinum eða söngfuglum með poppstjórnuhrauma heldur viðvaningum í knattspyrnu til að skipa liðið FC Nörd. „Við viljum fá stráka á aldrinum 18-29 ára sem hafa litla sem enga reynslu af íþróttaíðkun heldur eru vel gefnir einstaklingar,“ útskýrir Hilmar Björnsson, sjónvarpsstjóri Sýnar, en áhugasamir geta farið inn á heimasíðu sjónvarpsstöðvarinnar

og skráð sig. „Þessir drengir þurfa að vera tilbúnir til að sjá sig sem nörða og hafa hómur fyrir sjálfum sér,“ bætir Hilmar við og áréttar að æskilegt sé að þátttakendur búi á höfuðborgarsvæðinu og hafi tók á því að geta æft og mætt í sjónvarpsupptökunum. „Á Norðurlöndunum hefur það verið þannig að einstaklingarnir hafa haft mikla þekkingu á einu sérstökum sviði, til dæmis frimerkjunum, sjávardýrum eða húðflúrum,“ segir Hilmar. Hinir fræknu sextán verða



HILMAR BJÖRNSSON Sýn leitar nú að sextán strákum á aldrinum 18-29 ára til að taka þátt í nýjum raunveruleikapætti um FC Nörd.

sendir í klösun og látnir þjálfar undir stjórn reyns knattspyrnuþjálfara. Hápunkturinn verður síðan í haust þegar FC Nörd keppir við besta knattspyrnulið landsins á Laugardalsvelli. Í millitíðinni fá sjónvarpsáhorfendur að fylgjast með þeim takast á við þessa vinsælastu íþrótt heims. Hinir sænsku nördar, sem sýndir eru á Sýn, hafa hafa slegið í gegn hjá áskrifendum stöðvarinnar enda er oft grátblösklegt að fylgjast með þeim hlaupa á eftir leðurtúðrunni. „Menn

eru að ræða um þáttinn á kaffistofum enda eru þeir drepfyndnir,“ segir Hilmar og tekur fram að þáttirnir hafi jákvæð formerki, enginn sé sendur heim og fólk hlæi ekki að nördunum heldur með þeim. „Þátttakendurnir eru líka að slá tvær flugur í einu höggi; komast í betra form og verða að sjónvarpsstjórnum,“ segir Hilmar. Þáttirnir um nördaliðin hafa átt góðu gengi að fagna á hinum Norðurlöndunum. „Þessir einstaklingar eru frægir í sínu heimalandi og áhorfendur eiga sinn eftirlætis leikmann,“ segir Hilmar en FC Nörd hefur göngu sína fimmtudaginn 31. ágúst.

Byggir Mugison á eyrinni?

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu á föstudaginn skrifuðu Örn Elías Guðmundsson, betur þekktur sem Mugison, og bæjaryfirvöld á Ísafirði undir viljayfirlýsingu þess efnis að tónlistarmanninum yrði úthlutað lóð á Suðurtanga undir einbýlishús og hljóðver.

Sjálfur hefur Mugison margoft lýst því yfir í heyranda hljóði að hann langi að flytjast vestur og búa þar og ætti þessi viljayfirlýsing að hvetja hann enn frekar til dæða. Hann var reyndar á leiðinni út úr bænum þegar Fréttablaðið náði í skottið á honum. Ætlaði í Borgarfjörðinn með tveimur félögum til að taka upp fyrir næstu plötu. Hann vildi engu lofa hvenær hún kæmi út, sagði að hann einn vissi hvenær platan yrði tilbúin en vonaðist til að það yrði á þessu ári.

Aðspurður um lóðina fyrir vestan sagði Mugison að þetta

væri á svæðinu þar sem gamla safnasvæðið og slippurinn hefðu verið. „Í fyrsta skipulaginu var gert ráð fyrir að þarna yrði iðnaðarhúsnæði en nú vilja bæjaryfirvöld hafa íbúðarbyggð þarna,“ útskýrir Mugison. „Mig langaði í hús þarna enda eru margir vinir mínir og ættingjar fyrir vestan og ég skrifaði því bæjaryfirvöldum bréf,“ heldur hann áfram. „Ég fékk mjög jákvæð viðbrögð og þegar tónlistarhátíðin Aldrei fór ég suður stóð sem hæst hitti ég Halldór Halldórsson bæjarstjóra, við fengum okkur ís og ræddum málin,“ bætir hann við. „Við skrifuðum síðan undir yfirlýsingu sem gefur mér móralskan rétt á að bjóða í lóð þarna,“ segir Mugison, sem hefur tröllatrú á Ísafirði. „Þarna er mikið að gerast og fullt af góðum hugmyndum í farvatninu. Ég vona að þarna verði blómlegt háskólasamfélag og næsti Einstein komi frá Ísafirði.“ - fgg



MUGISON Hefur fengið vilýrði fyrir lóð á Ísafirði undir einbýlishús og hljóðver.



Þökkum góðar viðtökur
við fyrsta *Vorblótinu*.
Sjáumst að ári.

Vorblót er ný tónlistarhátíð.
Þar finnur þú jazz, funk,
heimstónlist og
óuppgvötaðar leiðir.

www.riteofspring.is

hr★örlygur

Vorblót
**RITE
OF
SPRING**

ICELANDAIR



FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

Yfirstígum óttann

Ráðstefna á vegum Blátt áfram um kynferðisofbeldi gegn börnum verður haldin 4. maí í Kennaraháskólanum.

Skrá i g á ráðstefnuna: www.blattafram.is



BAKPANKAR

PRÁINS BERTELSSONAR

Sextugsafmæli

Karl Gústaf Sviakonungur hélt upp á sextugsafmælið sitt í gær svo að dagurinn í dag er að öllum líkindum mikill annadagur hjá konunglegum timburmönnum. Það var kátt í höllinni í gær, því að í afmælið mættu drottningarnar Margrét og Beatrix og kóngarnir Haraldur, Albert og Jón Karl með heilt stóð af prinsum og prinsessum, furstum og hertogaynjum í eftirdragi. Auk þess slæddust líka nokkrir afsettir og fyrrverandi kóngar með í veisluna og gerðu sér gott af veitingunum. Innan um bláa blóðið svömluðu svo tveir þjóðhöfðingjar af lágstéttakyni, Talonen og Grímsson, en athygli vakti að Windsor-fólkið frá Englandi mætti ekki í boðið, og hefur það þó gert sér glaðan dag af minna tilefni.

ÞAÐ er skemmtilegt að lesa um samkvæmi hjá fólki sem hefur það fyrir atvinnu að halda samkvæmi eða mæta í samkvæmi; alla vega er það notaleg tilbreyting frá sífelldum fréttum um fólk sem vinnur þjóðþrifa-störf fyrir skitinn hundrað þúsund kall á mánuði eftir skatt, aðsteðjandi kreppu, vaxandi verðbólgu, ofurlaun forstjóra, geggjuð lífeyrisréttindi stjórn-málamanna og biðlista sem lengjast eins og nefið á Gosa því meira sem þeir síðast töldu lofa upp í ermina á sér.

ÞVÍ miður var mér ekki boðið í þetta sextugsafmæli frekar en sextugsafmæli annars kunningja míns hérna um daginn - kunningja segi ég, því að Sviakonungur er eini kóngurinn sem ég hef átt orðastað við, þótt ég geti ekki fyrir nokkra lifandi muni rifjað upp hvað okkur fór á milli. Því verð ég að bregða á það ráð til að bregða upp mynd af afmælisbarninu að þýða nokkrar setningar úr viðtali sem sænska blaðamanninn Johan Croneman dreymdi að hann hefði átt við Karl Gústaf og birtist í Dagens Nyheter:

Sæll, hver ert þú? Ég er kóngurinn.

Hvað starfar þú? Ég ferðast. En spennandi. Hvert ferðastu? Bara um allt.

Hvað færðu í kaup á mánuði? Ég er ekki alveg klár á því. Hundrað, tvöhundrað milljónir kannski.

Mundirðu vera til í að vera kóngur í einhverju öðru landi en Svíþjóð? Já.

Hvaða landi? Liverpool.

Getum við fengið stærri fjöll, dýpri dali og brattari brekkur?



Tribeca er fullkominn bíll fyrir bæjarbúann sem hefur gaman af því að ferðast um landið. Lipur og léttur innanbæjar, öflugur með kraftmiklu drifi á öllum hjólum utanbæjar.

B9 Tribeca, 250 hö. 5 dyra, 7 manna – 5.170.000,-

| | | | | | |
|-------------------------|-------------------|---|-------------------|---|----------------------|
| Ingvar Helgason | | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | | Opíð: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00 | |
| Umboðsmenn um land allt | Akureyri 461-2960 | Sellassi 482-3100 | Njarðvík 421-8808 | Hólin í Hornafirði 478-1990 | Reyðarfirði 474-1453 |

* Garmin GPS leidsögutæki með íslensku vega- og hálendiskorti. Virkar um allan heim og spilar MP3.

SYMMETRICAL AWD

FREMSTIR MEDAL JAFNINGJA

Firestone



Firestone F590 er að öllum líkindum langóðyrasta ALVÖRU fólksbíladekkið sem þér stendur til boða í sumar.

SUMARDEKKIN

BETRA GRIP

DEKKJAPJÓNUSTA LÁGMÚLA 9 SÍMI: 5-333-999

BRIDGESTONE

Bridgestone D694 eru frábær jeppa- og pallbíladekk, mjúk og gripmikil. Flott dekk sem vekja athygli. Heilsársdekk.



VERÐDÆMI:
13" frá kr.: 4.590.-
14" frá kr.: 6.990.-
15" frá kr.: 7.990.-

HJÓLBARÐAPJÓNUSTA

UMFELGUN FRÁ KR. 4.900